




Strandbúnaðarmálið og þöggunin

Viðauki 9 við bókina Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“

 Sjavarútvegsþjónustan	Sjavarútvegsþjónustan ehf. Tölvupóstfang: valdimar@sjavarutvegur.is Sími: + 354 695 2269		
Titill:	Strandbúnaðarmálið og þöggunin		
Viðauki við bókina:	Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“		
Höfundur:	Valdimar Ingi Gunnarsson, sjavarútvegsfræðingur		
Viðauki nr. 9	Útgáfa nr. 1	Dagsetning útgáfu: 25.09.2023	Fjöldi blaðsíðna: 55
<p>Höfundur hafði frumkvæði að stofna Strandbúnaðar á árinu 2016, sem er ráðstefna fyrir fiskeldi, skeldýra- og þörungarækt. Þakklætið var að höfundi, fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar, var bolað frá á árinu 2020 og ekki einu sinni þakkað fyrir frábært starf til margra ára. Ástæðan var gagnrýndi á leiðandi aðila í greininni fyrir spillingu, þá helst forsvarsmenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða.</p> <p>Í framhaldinu yfirtók Matís félagið og á kynningarfundum þess kom fram að Matís hafi tekið við í neyð, án þess að skilgreina hver sú neyð var. Opinber starfsmaður, Gunnar Þórðarson og opinbert hlutafélag Matís eru þátttakendur í þöggun.</p> <p>Vegna rangfærslna á aðalfundi Strandbúnaðar á árinu 2022 þótti ástæða til að taka þessa skýrslu saman þannig að staðreyndir málsins væru upp á borðinu.</p> <p>Mikilvægt er að þetta mál sé skoðað í samhengi við gagnrýni höfundar á spillingu sem átti sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi þar sem íslenskir fulltrúar erlendra fjárfesta vörðuðu leiðina til mikils fjárhagslegs ávinnings. Strandbúnaðarmálið er lítill hluti af því og í þessari rannsóknaskýrslu er ferli málsins rakið.</p>			

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	3
1.2 STOFNUN FÉLAGSINS.....	3
1.2 UM GAGNRÝNINA	4
1.3 AFMÖRKUN OG HEIMILDIR.....	5
2. GAGNRÝNIN OG FERLIÐ.....	6
2.1 SKRIFIN OG GAGNRÝNIN	6
2.2 ÁTÖKIN	7
2.3 HRINGT Í HLUTHAFA	9
2.4 NÝR REKSTRARAÐILI	10
2.5 AÐALFUNDUR	11
3. MÁLIÐ ENDURVAKIÐ	13
3.1 NÝTT NAFN OG MERKI.....	13
3.2 MÁLIÐ ENDURVAKIÐ	14
3.3 KYNNINGARFUNDUR MATÍS.....	15
4. AÐALFUNDUR STRANDBÚNAÐAR.....	18
4.1 UNDIRBÚNINGUR OG KYNNING.....	18
4.2 AÐALFUNDUR STRANDBÚNAÐAR 2021.....	20
4.3 EFTIRMÁLAR AÐALFUNDAR	20
4.4 KALLAÐ EFTIR GÖGNUM	22
5. MÁLINU FYLGT EFTIR	24
5.1 AÐALFUNDUR STRANDBÚNAÐAR 2022.....	24
5.2 RANNSÓKN	25
5.3 NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNAR.....	25
VIÐAUKAR	28
VIÐAUKI 1. BRÉF TIL STJÓRNAR STRANDBÚNAÐAR	28
VIÐAUKI 2. NÝR REKSTRARAÐILI	32
VIÐAUKI 3. SVARBRÉF TIL STYRKTARAÐILA	33
VIÐAUKI 4. VEGNA NAFNABREYTINGAR.....	36
VIÐAUKI 5. REKSTRARAÐILA SVARAÐ	38
VIÐAUKI 6. KYNNINGARFUNDUR MATÍS.....	40
VIÐAUKI 7. MATÍS SVARAÐ	43
VIÐAUKI 8. VINNUBRÖGÐIN OG AÐALFUNDUR STRANDBÚNAÐAR.....	46
VIÐAUKI 9. ÓLÍGARKAR, STRANDBÚNAÐUR/LAGARLÍF OG ÞÖGGUNIN.....	47
VIÐAUKI 10. AÐALFUNDUR STRANDBÚNAÐAR OG ÞÖGGUNIN	49
VIÐAUKI 11. STRANDBÚNAÐARMÁLIÐ, ÞÖGGUN OG LÖG UM FISKELDI	52

1. Inngangur

1.2 Stofnun félagsins

Strandbúnaður

Höfundur hafði frumkvæði að stofnun Strandbúnaðar á árinu 2016. Strandbúnaður var byggður upp á hugmyndafræði Sjávarútvegsráðstefnunnar¹ sem höfundur hefur séð um rekstur á allt frá árinu 2010. Hugmyndin var að skapa vettvang allra þeirra sem koma að strandbúnaði á Íslandi. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við þörungarækt, skeldýrarækt, seiðaeldi, matfiskeldi, sölu og markaðssetningu, fóðurframleiðendur, tækjaframleiðendur og aðrir þjónustuaðilar, rannsóknastofnanir, menntastofnanir, ráðuneyti og stofnanir þeirra. Það hafði verið vöntun á árlegum vettvangi fyrir alla þá er tengjast strandbúnaði. Vöntun á hlutlausum vettvangi þar sem gæfist tækifæri á að hittast og mynda tengsl.²



Hluthafar

Strandbúnaður var stofnaður af fjölbreyttum hópi félaga eða 16 félögum. Það sem vekur athygli er að Landssamband fiskeldisstöðva var ekki einn af stofnendum Strandbúnaðar og jafnframt heldur ekki stóru laxeldisfyrirtækin nema Arctic Fish (Arctic Sea Farm) enda ekki allir fullkomlega sáttir með að Strandbúnaður væri stofnaður. Aftur á móti gerðist Skelrækt strax hluthafi en þörungaræktendur voru ekki búnir að stofna samtök á þessum tíma. Með stofnun Strandbúnaðar færðust ráðstefnur innan iðnaðarins frá hagsmunasamtökum yfir á hlutlausan vettvang.³

Sérhagsmunagæsla

Á árunum 2017-2019 fékk Strandbúnaður almennt góða umfjöllun í fjölmiðlum nema í Fiskeldisblaðinu.⁴ Landssamband fiskeldisstöðva kom að Fiskeldisblaðinu sem var eini sérhæfði fréttamiðillinn innan fiskeldis eftir að hætt var tímabundið með útgáfu Fiskeldisfrétta.⁵ Það er umhugsunarvert að Fiskeldisblaðið fjallaði aldrei um Strandbúnað þrátt fyrir að blaðamaður frá þeim hafi mætt á ráðstefnuna. Það lýsir e.t.v. vel viðhorfum leiðandi aðila í atvinnugreininni til Strandbúnaðar sem á þessum tíma voru búnir að yfirtaka Landssamband fiskeldisstöðva og í raun búnir að eyðileggja þau samtök.⁶ Mikilvægt er að það sama gerist ekki með Strandbúnað.

Hluthafar og stofnendur Strandbúnaðar

- Sjávarútvegsþjónustan
- Arctic Sea Farm
- Keynatúra
- Matís
- Fóðurverksmiðjan Laxá
- Rorum
- Egersund Island
- Efla
- SKELRÆKT, félagasamtök
- Menja
- Hraðfrystihúsið Gunnvör
- Sjávareldi
- Stofnfiskur
- Mjöll Frigg
- Hyndla
- Íslandsbleikja

¹ <https://sjarvarutvegsradstefnan.is/>

² <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2023/01/Fiskeldisfirttir-nr.-2023.pdf>

³ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2023/01/Fiskeldisfirttir-nr.-2023.pdf>

⁴ <https://www.fiskeldisbladid.is/>

⁵ <https://lagareldi.is/fiskeldisfirttir/>

⁶ <https://sjarvarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/10/Landsamband-fiskeldisstodva.pdf>

1.2 Um gagnrýnina

Ná fjárhagslegum ávinningi

Allt frá byrjun ársins 2019 hefur höfundur gagnrýnt opinberlega þá spillingu sem hefur viðgengist við undirbúning og gerð laga um fiskeldi.⁷ Málið hefur fyrst of fremst snúist um að íslenskir frumkvöðlar og erlendir fjárfestar notuðu opinbera stefnumótun til að varða leiðina til mikils fjárhaglegs ávinnings:⁸

„Stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða sem eru nú í meirihluta eigu erlendra aðila komu að undirbúningi og gerð laga um fiskeldi. Málið snýst ekki um að nýta sér tækifærin, heldur að vera leiðandi við hönnun á leikreglum, skjalfest í lögum, sjálfum sér og sínum fyrirtækjum til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra. Það sem átti að vera stefnumótun stjórnvalda varð að stefnumótun sérhagsmuna laxeldisfyrirtækja í meirihluta eigu erlendra aðila. Af fræðimönnum kallast þessi aðferðafræði að „fanga ríkisvaldið“ (e. state capture)“.

Ávinningurinn var kominn í höfn, hækkun í hafi um tugi milljarða króna með því að fara með félögin á erlendan hlutabréfamarkaði - Verkefnið var síðan að þakka niður í þeim sem bentu á þá spillingu sem hafði viðgengist.

Íslenskir fulltrúar erlendra fjárfesta unnu að því í opinberri stefnumótun að ekki væru settar hömlur á að hægt væri að fara með laxeldisfyrirtækin á erlendan hlutabréfamarkað.⁹ Það var mikil hækkun í hafi og eldisleyfin voru verðmætin og það náðist tugmilljarða ávinningur.¹⁰

Málið varðar

Það viðhorf virðist vera innan fiskeldis að það sé refsivert að gagnrýna spillingu innan greinarinnar. Það sem höfundi þykir athyglisvert er að það hafa komið til tals að það þyrfti að losa sig við fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar vegna þess eins að hann var að gagnrýna leiðandi aðila innan greinarinnar um spillingu. Höfundur hafði frumkvæði að stofna Strandbúnaðar, og lagði í verkefnið mikla vinnu og fjármuni. Þakklætið var að honum var bolað frá og ekki einu sinni þakkað fyrir frábært starf til margra ára. Frá þeim tíma hefur verið gert lítið úr framlagi hans og reynt að þagga málið niður.¹¹

Það hefur verið gert lítið úr frumkvæði og framlagi fyrrverandi framkvæmdastjóra við stofnun Strandbúnaðar og honum ekki einu sinni þakkað fyrir frábært starf til margra ára.

Þöggun

Skv. íslensku nútímamálsorðabókinni þá er þöggun „kerfisbundin aðferð til að koma í veg fyrir að fólk tjái skoðanir sínar“.¹² Ávinningurinn er kominn í höfn og var því verkefnið að þakka niður í þeim sem benda á þá spillingu sem hefur viðgengist. Strandbúnaður er mikilvægur vettvangur innan fiskeldis, skeldýra- og þörungurækt og því ekki óvænt að þeir sem hafa mikla hagsmuna að gæta telji sér ógnað. Í þessu samhengi ber þó að nefna að höfundur hefur aldrei notað Strandbúnað sínum málum til framdráttar og engin hefur fram að þessu geta bent á að það hafi verið gert.

⁷ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/12/Fiskeldisfrettir-nr.-1-2022.pdf>

⁸ <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

⁹ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/10/18.-Morgunbladid-2021-10-12.pdf>

¹⁰ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/10/Landsamband-fiskeldisstodva.pdf>

¹¹ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/05/Fylgiskjal-1-Vinnan-framundan.pdf>

¹² <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/59832>

Samfélagsverkefni gegn spillingu

Í byrjun ársins 2022 hóf höfundur formlega Samfélagsverkefni gegn spillingu¹³ og er nú í hálfu starfi við það verkefni. Í Fiskeldisfréttum¹⁴ á árinu 2022 er að finna fyrstu ársskýrslu og þar er að finna gott yfirlit yfir verkefnið. Vefsíða verkefnisins er lagareldi.is¹⁵ og gott yfirlit yfir allar greinar og skýrslur er að finna á sjavarutvegur.is¹⁶

1.3 Afmörkun og heimildir

Ástæður rannsóknaskýrslu

Á aðalfundi Strandbúnaðar 2022¹⁷ fóru opinberir starfsmenn hjá Mátis ekki rétt með staðreyndir málsins, er varðar tímaröð og brotthvarf fyrrverandi framkvæmdastjóra. Mikilvægt er að hafa ferli málsins á hreinu og er það meginástæða fyrir því að farið var út í að gera þessa rannsóknaskýrslu þar sem staðreyndir málsins eru raktar, tímasettar, farið faglega yfir eins og verið er að gera í öðrum tengdum málum er tengjast spillingu við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og eftir að lögin voru samþykkt.¹⁸ Strandbúnaðarmálið er lítil hluti af stærra máli (kafla 1.2) og varðar þöggun, þar sem m.a. er markvisst lítið gert úr góðri vinnu höfundar við stofnun félagsins og reksturs á fyrstu árum þess.

Ástæðan fyrir því að farið var út í að gera þessa rannsóknaskýrslu er m.a. að opinberir starfsmenn, rekstraraðilar Strandbúnaðar hafa ekki farið rétt með staðreyndir málsins.

Viðauki við bók

Þessi rannsóknaskýrsla er viðauki eða vinnuskjal fyrir rafrænu bókina **Lög um fiskeldi - „Þetta hefur eftirmála“**.¹⁹ Bókinni er ætlað að gefa heilstætt yfirlit yfir þau vinnubrögð og spillingu sem hefur viðgengst, ásamt því hvernig þöggun hefur verið beitt í málinu. Rafrænu bókinni er ætlað að gefa tiltölulega stutta samantekt byggt á annarri ítarlegri vinnu sem vísað er til hverju sinni s.s. þessarar rannsóknarskýrslu.

Tilvitnanir í rafrænar heimildir

Lögð hefur verið áhersla á að styðjast sem mest við rafrænar heimildir sem hægt er að sækja á netið, tölvupósta höfunda, andsvara við þeim, fundagerðum og öðrum rafrænum heimildum. Slóð inn á allar rafrænar heimildir eru í footnote, þannig er auðvelt að finna og sækja þær heimildir sem vitnað er til. Jafnframt hefur höfundur verið í samskiptum við fulltrúa hluthafa Strandbúnaðar (kafla 5.3).

¹³ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/05/Fylgiskjal-2.-Samfelagsverkefni-gegn-spillingu.pdf>

¹⁴ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/12/Fiskeldisfrettir-nr-1-2022.pdf>

¹⁵ <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

¹⁶ https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017

¹⁷ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Aalfundur-Strandbunaar-2022.pdf>

¹⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2023/01/Pstur-VIG-25.10.2022.pdf>

¹⁹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/02/Bkin.pdf>

2. Gagnrýnin og ferlið

2.1 Skrifin og gagnrýnin

Athugasemd við fiskeldisfrumvarpið

Þann 29. mars 2019 sendi höfundur umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (Þingskjal 1060 – 647. mál á 149. löggjafarþingi 2018- 2019).²⁰ Gerðar voru alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem fiskeldisfrumvarpið byggir að stórum hluta á.²¹ Í stefnumótunarhópnum voru þáverandi stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldi Austfjarða. Í framhaldinu voru öllum alþingismönnum sendar greinagerðir, óskað eftir opinberri rannsókn, upplýsingar sendar til fjölmiðla og auglýst eftir viðbrögðum í þeim.^{22 23}

Á þessum tíma voru laxeldisfyrirtækin að fara inn á erlendan hlutabréfamarkað og þegar fyrsta greinin birtist byrjuðu forsvarsmenn fyrirtækjanna að hringja í höfund og fóru fram á að skrifunum yrði hætt.

Greinaskrif og viðbrögðin

Um miðjan janúar 2020 byrjaði höfundur á greinaskrifum í fjölmiðlum þar sem vakin var athygli á vafasömum vinnubrögðunum við undirbúning og gerð laga um fiskeldi.²⁴ Í fyrstu greininni sem birt var í Morgunblaðinu²⁵ kom m.a. fram:

„Undirritaður mun sýna fram á í nokkrum greinum að framin hafa verið alvarleg stjórnsýslubrot þar sem stærstu laxeldisfyrirtæki Íslands höfðu mikla aðkomu að breytingu nýgerðra fiskeldislaga“.

Strax eftir að greinin birtist fóru forsvarsmenn laxeldisfyrirtækjanna að hringja í höfund og fóru fram á að þessum skrifum yrði hætt. Áður hafði Kjartan Ólafsson stjórnarformaður Arnarlax og fulltrúi í opinberum stefnumótunarhópi um fiskeldi verið með hótanir bæði símleiðis og með SMS skilaboðum þegar höfundur kom með athugasemdir við fiskeldisfrumvarpið í byrjun ársins 2019. Í SMS frá stjórnarformanninum kemur fram „þetta hefur eftirmála“ og mun fyrirhuguð bók sem skrifuð verður um málið bera heitið Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“.²⁶

Miklir hagsmunir undir

Það voru miklir fjárhagslegir hagsmunir undir og á þessum tíma voru laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila að fara inn á erlendan hlutabréfamarkað. Miklar væntingar voru um mikinn fjárhagslegan ávinning sem í framhaldinu raungerðist.²⁷ Sumir forsvarsmenn laxeldisfyrirtækjanna höfðu aldrei verið sáttir við að höfundur

Maður með óheppilegar skoðanir gat haft neikvæð áhrif á væntingar laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila á miklum fjárhagslegum ávinningi og var því farin sú leið að reyna að stoppa hann af.

²⁰ <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?ltg=149&mnr=647>

²¹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemd-vi-fiskeldisfrumvarpi.pdf>

²² <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

²³ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/12/Fiskeldisfrettir-nr.-1-2022.pdf>

²⁴ https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017

²⁵ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2020/04/1.-Morgunbla%C3%B0i%C3%B0-2020-01-14.pdf>

²⁶ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/05/Fylgiskjal-3.-Um-bokina-Log-um-fiskeldi-%E2%80%93-THetta-hefur-efirmala.pdf>

²⁷ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/10/Landsamband-fiskeldisstodva.pdf>

sæi um rekstur Strandbúnaðar. Maður sem var með óheppilegar skoðanir sem gæti haft neikvæð áhrif á framgang mála hjá laxeldisfyrirtækjum í meirihlutaeigu erlendra aðila. Það var því unnið að koma honum út sem rekstraaðila Strandbúnaðar.

Skrifstofustjóri Arnarlax tilkynni að hún myndi ekki vera með erindi á Strandbúnaði 2020 og daginn eftir kom fram í tölvupósti að ekki væri von á að Arnarlax sendi fólk á ráðstefnuna.

2.2 Átökin

Viðbrögðin

Skrif höfundar vöktu viðbrögð og umtal m.a. af fulltrúum laxeldisfyrirtækja. Í tölvupósti frá Iðu Marsibil Jónsdóttir, skrifstofustjóra Arnarlax frá 21. janúar 2020 kom fram að hún hafi ákveðið að segja sig frá að halda erindi á ráðstefnu Strandbúnaðar sem var fyrirhuguð í mars næstkomandi. Í öðrum tölvupósti frá skrifstofustjóranum hinn 22. janúar kom fram:

„ég á ekki von á að Arnarlax sendi fólk á ráðstefnuna“.

Eflaust hafa fleiri athugasemdir komið í tölvupóstum beint til formanns Strandbúnaðar eða í formi símtala við formanninn eða annarra aðila sem aðkomu höfðu af málinu. Um það hefur höfundur engar skriflegar heimildir á þessu stigi.

Stjórnarfundur

Samskiptin héldu áfram og í tölvupósti frá Þorleifi Ágústssyni frá 26. janúar kemur m.a. fram:

„Mitt ráð er að stokka þetta upp og leggja ískalt mat á framhaldið. Er grundvöllur til að ráða nýjan umsjónarmann ráðstefnunnar (persónu eða jafnvel setja í hendur fyrirtækis). Og þá vinna að því að ALLUR iðnaðurinn taki þátt – heilshugar“.

Í framhaldinu eða þann 27. janúar var haldinn aukafundur hjá stjórn Strandbúnaðar. Daginn fyrir fundinn sendi höfundur greinargerð til stjórnar félagsins til umræðu og til að auðvelda ákvarðanatöku (viðauki 1). Fjórir af sex stjórnarmönnum mættu á fundinn og Þorleifur Ágústsson einn stjórnarmanna tók að sér að rita fundargerð.²⁸ Það kom fram vilji innan stjórnar að halda fyrirhugaða ráðstefnu sem gekk þó ekki eftir á árinu 2020 vegna Covid-19.

Umræðan á fundinum

Í máli Gunnars Þórðarsonar, stjórnarformanns Strandbúnaðar kom m.a. fram skv. fundargerð:²⁹

„upplifunin er sú að Valdimar sé kominn í «óvinaliðið» - umræðan verði slæm og ekki gott að Valdimar sem vinnur fyrir iðnaðinn sé að skrifa gegn iðnaðinum. Mikilvægt að rástefnan endurspegli iðnaðinn en ekki blandist ekki í málefni einstaklinga“.

Í þessu samhengi ber að áréttta að höfundur var og hefur ekki verið að skrifa á móti iðnaðinum. Verið var að gagnrýna laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila, þá einkum tvö þeirra, en ekki allan iðnaðinn. Á fundinum kom skýrt fram hjá höfundi að hann myndi ekki hætt sínum skrifum og í máli hans kom m.a. fram skv. fundargerð:³⁰

„Vill ekki stíga til hliðar – það þyrfti að reka Valdimar – hann vill ekki láta «fjárfglæframenn» stjórna sínum skrifum“.

²⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Fundager-27-jan-2020-me-vibtum-llusar-1.pdf>

²⁹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Fundager-27-jan-2020-me-vibtum-llusar-1.pdf>

³⁰ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Fundager-27-jan-2020-me-vibtum-llusar-1.pdf>

Viðbætur við fundargerð

Eftir að Þorleifur Ágústsson hafði sent frá sér fundargerð bætti Júlíus B. Kristinsson einn af stjórnarmönnum í Strandbúnaði við eftirfarandi:³¹

„Arnarlax og Fiskeldi Austfjarða hafa ákveðið að koma ekki á ráðstefnuna.

Gunnar hefur haft samband við öll stóru fiskeldisfyrirtækin fjögur og menn vilja halda ráðstefnuna. En ljóst er að

ómögulegt er að framkvæmdastjóri ráðstefnunnar sé að skrifa greinar «gegn» þessum fyrirtækjum á sama tíma og hann leiðir vinnu vegna ráðstefnunnar“.

Eftir viðbætur voru settar í fundargerðina var staðfest að Arnarlax og Fiskeldi Austfjarða þrýstu á að losa sig við fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar með hótunum að mæta ekki á ráðstefnuna.

Hér var því komið fram í fundargerð að það voru Arnarlax og Fiskeldi Austfjarða sem þrýstu á að losa sig við framkvæmdastjóra Strandbúnaðar þau félag sem höfundur hafði fyrst og fremst gagnrýnt í sínum skrifum.

Formleg ákvörðun

Þann 28. janúar var haldinn annar aukafundur og skrifaði Gunnar Þórðarson fundargerð. Málafni fundarins voru greinaskrif höfundar um fiskeldismál og var framhald af fundi sem haldinn var deginum áður. Þá þótti rétt að kanna stöðuna í ljósi þess að grein eftir höfund hafði birst í Morgunblaðinu 27. janúar.³² Gunnar Þórðarson bar upp eftirfarandi tillögu sem var samþykkt:

„Stjórn Strandbúnaðar einbeitt sér að því að klára skipulag og framkvæmd ráðstefnunnar á tilsettum tíma. Ýta til hliðar ágreiningi vegna pistla Valdimars haldi áfram góðu starfi við að gera ráðstefnuna sem besta úr garði. Valdimar hefur skilað mjög góðu starfi hingað til og ekki nein ástæða til að ætla annað en hann klári þessa vinnu í góðri sátt við stjórnarmenn“.

Þrátt fyrir deilur kom fram vilji innan stjórnar að ýta ágreiningi til hliðar og halda fyrirhugaða ráðstefnu sem gekk þó ekki eftir vegna Covid-19.

Niðurstaðan var þó að ráðstefnunni var frestað vegna Covid – 19 og í framhaldinu var ákveðið að reyna að halda hana 26.-27. október um haustið.

Styrktaraðilar

Stór laxeldisfyrirtæki höfðu afboðað komu sína á ráðstefnuna en óvissa var um styrktaraðila eins og fram kom á fundi stjórnar frá 27. Janúar.³³ Þann 30. janúar barst póstur frá einum styrktaraðila Strandbúnaðar og fram koma að orðrómur væri um að fyrirtækin í fiskeldi á Íslandi séu búin að hafna þátttöku í Strandbúnaði 2020 vegna skrifa framkvæmdastjórans í blöð. Í framhaldinu vildu þjónustufyrirtæki skoða sína þátttöku og ræða við sína viðskiptavini hvort þeir ætli yfirleitt að mæta. Höfundur tók saman greinargerð til að auðvelda þjónustufyrirtækjum ákvörðunartöku (viðauki 3). Lögð var m.a. áhersla á að skrif höfundar og rekstur Strandbúnaðar væru tvö aðskilin mál. Jafnframt var bent á í tilfellum

Þjónustufyrirtæki fiskeldis bent á að orðrómur væri um að fyrirtækin í fiskeldi á Íslandi séu búin að hafna þátttöku vegna skrifa framkvæmdastjóra Strandbúnaðar í blöðum. Í framhaldinu vildu þjónustufyrirtæki skoða sína þátttöku og ræða við sína viðskiptavini hvort þeir ætli yfirleitt að mæta.

³¹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Fundager-27-jan-2020-me-vibtum-llusar-1.pdf>

³² <https://sjarvarutvegur.is/wp-content/uploads/2020/04/2.-Morgunbla%C3%B0i%C3%B0-2020-01-27.pdf>

³³ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Fundager-27-jan-2020-me-vibtum-llusar-1.pdf>

Þjónustufyrirtækja sem hafa hagsmuna að gæta í viðskiptum við laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlenda aðila væri skynsamlegt að vera hlutlausir í þessu máli (viðauki 3). Það er ekki vitað hvort einhverjir af styrktaraðilum Strandbúnaðar 2020 hafi hætt þátttöku vegna þessa máls en á það reyndi ekki þar sem ráðstefnan var ekki haldin vegna Covid-19.

2.3 Hringt í hluthafa

Stefnt að losa sig við félagið

Í svarbréfi til styrktaraðila kom fram að stefnt væri að því að losa sig við reksturinn á árinu (viðauki 3). Staðan var í sjálfum sér engin önnur en að losa sig við reksturinn. Ákveðið var á þessum tímapunkti að leggja megináherslu á spillingu í vinnu minni og vera með minni áherslu á þöggun sem einkennir Strandbúnaðarmálið. Forgangsmálið var að upplýsa um vafasöm vinnubrögð og spillingu og voru birtar m.a. rúmlega 20 greinar í blöðum á árinu 2020.³⁴

Ákveðið var á þessum tímapunkti að leggja megináherslu á spillingu og vera með minni áherslu á þöggun sem einkennir Strandbúnaðarmálið.

Hann bara fór

Það ber að áréttu að fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar, var hvorki sagt upp eða hann sagði upp enda er sú uppsögn ekki til (viðauki 9). Hann bauðst ekki til að segja af sér, hann einfaldlega „bara fór“, enda var staðan orðin þannig að það var ekkert bakland lengur. Það var farin sú leið að skila vel af sér félaginu, leiðbeindi um framhaldið (viðaukar 1 og 2). Ef það hefði ekki verið góður viðskilnaður hefði verið sótt að honum og þá með réttu.

Fyrrverandi framkvæmdastjóri bauðst ekki til að segja af sér, hann einfaldlega „bara fór“, enda var staðan orðin þannig að það var ekkert bakland lengur.

Yfirtaka

Fyrrverandi framkvæmdarstjóri hafði komið með tillögur til stjórnar Strandbúnaðar um valkosti að losa sig við reksturinn um vorið eða klára rekstrarárið (viðauki 2). Í samtölum kom vel fram að Gunnar Þórðarson, stjórnarformaður Strandbúnaðar hafði mikinn áhuga að taka við rekstri Strandbúnaðar, enda kom oft fram hjá honum að hann hefði lítið af verkefnum hjá Matís. Á fundi Strandbúnaðar 17. mars samþykkti stjórnin að Matís tæki að sér reksturinn án umræða um aðra valkosti:

„Áður en gengið er að samningi við Matís ræði Gunnar Þórðarson við hluthafa Strandbúnaðar og geri grein fyrir þeim breytingum sem eru fyrirhugaðar. Fyrirhugað er að Gunnar Þórðarson setji sig inn í reksturinn og taki við framkvæmdarstjórn“.

Fyrrverandi framkvæmdastjóri lagði mikla áherslu á að rætt væri við hluthafa áður en yfirtakan færi fram sem og stjórnarformaður Strandbúnaðar gerði.

Stjórn Strandbúnaðar samþykkti að Matís yfirtæki reksturinn án umræðu um aðra valkosti. Gunnar Þórðarson stjórnarformaður Strandbúnaðar og opinber starfsmaður hjá Matís hafði áður sýnt mikinn áhuga að taka við rekstrinum.

³⁴ https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017

Hringt í hluthafa

Í tölvupósti frá Gunnari Þórðarsyni frá 26. mars koma fram að hann væri byrjaður að vera í sambandi við tengiliði eiganda Strandbúnaðar til að setja þá inn í málin. Í póstinum kom fram að mjög gott og gagnlegt samtal hafi átt sér stað og hann hafi fengið margar góðar hugmyndir. Þann 8. apríl kemur fram í tölvupósti að búið sé að ræða við alla hluthafa. Í framhaldi af símtölum stjórnarformanns Strandbúnaðar hringdu nokkrir hluthafar í fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins og undruðust framgang í málinu.

Stjórnarformaðurinn hringdi í alla hluthafa og í framhaldi höfðu nokkrir þeirra samband við fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins og undruðust framgang í málinu.

2.4 Nýr rekstraraðili

Skil á verkefni

Þann 11. júní 2020 var skilaði formlega af sér Strandbúnaði á fundi með stjórn félagsins. Afhent voru öll gögn og þannig gengið frá að viðskilnaður var til fyrirmyndar:

- Stjórn félagsins var látin skrifa undir pappíra til að staðfesta að öll gögn hafi verðið afhent.
- Við skilin var einnig gerður árs hlutareikningur til að upplýsa um fjárhaglega stöðu félagsins.

Vitað var að ef ekki væri staðið að skilum sem væru til fyrirmyndar mynda vera vegið að fyrrverandi framkvæmdastjóra og þá með réttu. Á fundinum kom fram að hann myndi láta í sér heyra seinna meir,³⁵ en því miður dróst það fram úr hófi af ýmsum ástæðum (kafli 3). Eftir fundinn þakkað Júlíus B. Kristinsson í tölvupósti fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrir ítarleg og góð skil, framtak við stofnun Strandbúnaðar og umsjón með rekstrinum undanfarin ár.

Matís tekur við

Á fundinum þann 11. júní kom fram í máli Gunnars Þórðarsonar að hann þyrfti að hækka tímatextann úr 6.000 kr eins og fyrrverandi framkvæmdastjóri var með upp í 8.000 kr. Einkafyrirtækið Sjávarútvegsþjónustan hafði greitt með rekstrinum á meðan verið var að byggja upp Strandbúnað ásamt því að taka enga þóknun fyrir vinnu við stofnun félagsins. Við yfirtöku opinberrar stofnunar er tekin full greiðsla fyrir vinnuframlag. Þann 8. desember 2020 skrifaði forstjóri Matís og nýr stjórnarformaður Strandbúnaðar undir verksamning þar sem m.a. kom fram að Gunnar Þórðarson sæi um daglegan rekstur og taxtinn yrði 8.000 kr á tímann. Vakin er athygli á því að það var ekki fyrr en Halldór Halldórsson tók við sem stjórnarformaður Strandbúnaðar ehf. að gerður var rekstrarsamningur við Matís hálfu ári eftir yfirtöku.

Gerður var rekstrarsamningur við Matís um hálfu ári eftir yfirtöku á Strandbúnaði.

³⁵ 26. apríl 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

Koma sínum mönnum fyrir

Eitt af því sem er mikilvægt í hagsmunagæslu er að koma sínum mönnum fyrir. Það má vera ljóst að með að koma í starfið nýjum framkvæmdastjóra er verið að koma fyrir manni sem hugnast stóru stöndugu laxeldisfyrirtækjunum. Manni sem getur talað þeirra máli sérstaklega og tryggt þeirra hagsmuni (viðauki 5). Þetta er í sjálfum sér ekkert nýtt og má benda á að ritari nefndar um stefnumótun í fiskeldi var starfsmaður stjórnarformanns Arnarlax og hafði aðsetur í ráðuneytinu.³⁶ Tengdasonur Gunnars Þórðarsonar hefur einnig verið þátttakandi í umfangsmiklu braski með hlutbréf í Arctic Fish (viðauki 11).³⁷

Eitt af því sem er mikilvægt í hagsmunagæslu er að koma sínum mönnum fyrir. Það má vera ljóst að með að koma í starfið nýjum framkvæmdastjóra er verið að koma fyrir manni sem hugnast stóru stöndugu laxeldisfyrirtækjunum.

2.5 Aðalfundur

Aðalfundur

Aðalfundur Strandbúnaðar 2020 var haldinn 22. október og mættu 15 manns á fundinn.³⁸ Ritari á fundinum var Gunnar Þórðarson. Vegna Covid – 19 var um að ræða fjarfund. Það þurfti að kalla eftir fundagerðinni og hún barst síðan í tölvupósti frá ritara til hluthafa þann 4. nóvember. Það voru margir vankantar á fundagerð aðalfundar en fulltrúi Sjávarútvegsþjónustunnar ákvað að eyða ekki sínum tíma að gera athugasemd við hana á þeim tímapunkti. Miklar breytingar voru gerðar á stjórninni og komu inn fimm nýir stjórnarmenn af sex. Í umræðum kom m.a. fram hugmyndir um að breyta nafn Strandbúnaðar, skipta um merki félagsins og taka inn nýja hluthafa.³⁹

Á aðalfundi Strandbúnaðar 2020 var rætt um að breyta nafni, skipta um merki félagsins og taka inn nýja hluthafa.

Líklegir hluthafar

Á aðalfundinum var rætt um að fjölga hluthöfum og í því sambandi voru eftirfarandi félög talinn upp sem líklegir nýir hluthafar; Arnarlax, Fiskeldi Austfjarða, Laxar fiskeldi, Íslenska Kalkþörungafélagið, Köfunarþjónustan, PWC Íslandi, VAXA, Algalíf og Sjótækni.⁴⁰ Aðeins skiluðu sér þrír nýir hluthafar á aðalfundi Strandbúnaðar 2021: Arnarlax, Fiskeldi Austfjarða (Laxar fiskeldi) og Íslenska Kalkþörungafélagið sem nýr stjórnarformaður Strandbúnaðar var í forstöðu fyrir (kafla 4.2). Athyglisvert er að hér koma inn sem hluthafar Arnarlax og Fiskeldi Austfjarða en höfundur hafði sakað stjórnarformenn félaganna um spillingu.

Nýtt viðmót

Eins og fram kom í fundagerð var rætt um nýtt nafn á Strandbúnað og skipta um merki félagsins. Fundarmenn voru almennt jákvæðir fyrir þessum breytingum og hafði fyrrverandi framkvæmdastjóri bent á að það væri kominn tími til breytinga á félaginu. Í fundagerð kemur síðan fram í lok hennar:

³⁶ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/11/Fylgiskjal-1.-Stefnumotun-i-fiskeldi.pdf>

³⁷ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/09/Arctic-fish.pdf>

³⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Aalfundur-Strandbnaar-2020.pdf>

³⁹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Aalfundur-Strandbnaar-2020.pdf>

⁴⁰ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Aalfundur-Strandbnaar-2020.pdf>

„Stjórnarmenn voru samstíga í nýrri stefnumótun fyrir Strandbúnað og munu standa að kynningu hugmynda á aðalfundi“.

Það var að vísu ekki beðið með að tilkynna stefnumótunina á næsta aðalfundi og var það gert 21. apríl 2021 og þá má segja að höfundur hafi hrokkið í gírinn (kafli 3).

Breytingum ekki gerð skil

Fulltrúi Sjávarútvegsþjónustunnar var áberandi í almennum umræðum á aðalfundinum en þess var gætt að vitna ekkert í það sem hann sagði. Það sem er e.t.v. athyglisverðast er það sem vantar í fundargerð aðalfundar Strandbúnaðar. Ekkert er minnst á þann sem hafði frumkvæði að stofnun félagsins og var framkvæmdastjóri þess fram að vormánuðum 2020 og honum þakkað fyrir frábært starf í þágu félagsins. Það er einnig athyglisvert að ekkert er minnst á að Matís hafi yfirtekið félagið í fundargerð aðalfundar.⁴¹

Í fundargerð aðalfundar er ekkert minnst á fráfarandi rekstraraðila og honum þakkað fyrir frábært starf í þágu félagsins. Það er einnig athyglisvert að ekkert er minnst á að Matís hafi yfirtekið félagið.

⁴¹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Aalfundur-Strandbnaar-2020.pdf>

3. Málið endurvakið

3.1 Nýtt nafn og merki

Fréttatilkynningin

Í Morgunblaðinu birtist frétt þann 21. apríl 2021 byggð á fréttatilkynningu frá Strandbúnaði ehf. en þar kom m.a. fram:⁴²

„Lagarlíf (áður Strandbúnaður) er nú fimm ára og voru það eigendur og stjórn ráðstefnunnar sem ákváðu að breyta nafni og vörumerki hennar, en nafnið á ensku mun áfram vera Aqua-Ice“.



LAGARLÍF
eldi og ræktun

Nafni ráðstefnu var breytt í Lagarlíf en félagið heitir áfram Strandbúnaður. Samhliða var kynnt eitt nýtt glæsilegt merki félagsins.

Viðbrögð eigenda

Í framhaldinu sendi Sjávarútvegsþjónustan einn af hluthöfum Strandbúnaðar ehf. tölvupósti hinn 22. apríl til hluthafa félagsins:⁴³

„Það hefur ekkert verið haft samband við fulltrúa Sjávarútvegsþjónustunnar sem er einn af eigendum Strandbúnaðar. Aðrir eigendur Strandbúnaðar sem samband hefur verið haft við kannast ekki að breyting á nafni hafi verið borið undir þá. Það er því mjög óheppilegt að fram hafi komið í fréttatilkynningu að eigendur hafi ákveðið að breyta nafninu“.

Tveir af eigendum Strandbúnaðar ehf. staðfesta síðan í tölvupósti að ekkert hafi verið haft samband við þá varðandi nafnbreytingu á ráðstefnunni.⁴⁴

Viðbrögð rekstraraðila

Í tölvupósti frá 23. apríl svarar Gunnar Þórðarson framkvæmdastjóri Strandbúnaðar ehf.:⁴⁵

„Þessar hugmyndir voru kynntar á aðalfundi þar sem þú varst staddur. Stjórnarformaður tók síðan að sér að hringja í alla hluthafa vegna málsins. Þú átt von á því símtali. Allavega leit ég þannig á málin að stjórnin hefði fullt umboð eiganda í þessu máli“.

Vissulega er það rétt að skv. fundagerð aðalfundar Strandbúnaðar 2020 var ákveðið fara út í þessa breytingu (kafli 2.4). Hér er um að ræða veigamiklar og grundvallarbreytingar á félaginu og fyrir kurteisi sakir því eðlilegt að kynna þær fyrst fyrir eigendum félagsins. Í þessu samhengi er einnig bent á að skv. fundagerð aðalfundar Strandbúnaðar 2020 átti að kynna breytingarnar á næsta aðalfundi félagsins.⁴⁶ Í tölvupósti frá Gunnari Þórðarsyni frá 26. apríl kom fram að það hafi verið ákveðið að stjórnarformaður hrindi í alla hluthafa, en hefði verið betra að gera það fyrir kynningu.⁴⁷ Símtal sem Gunnar Þórðarson boðaði hefur aldrei borist til Sjávarútvegsþjónustunnar.

Nýtt nafn á ráðstefnuna og nýtt merki félagsins var fyrst kynnt fyrir hluthöfum Strandbúnaðar í fjölmiðlum en átt að gera á næsta aðalfundi félagsins skv. fundagerð aðalfundar frá árinu 2020.

⁴² https://www.mbl.is/200milur/frettir/2021/04/21/strandbunadur_verdur_lagarlif/

⁴³ 22. apríl 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

⁴⁴ 23. apríl 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

⁴⁵ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/2.-pstur-23.04.2021.pdf>

⁴⁶ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Aalfundur-Strandbnaar-2020.pdf>

⁴⁷ 26. apríl 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

3.2 Málið endurvakið

Mun láta í sér heyra

Í tölvupósti frá Sjávarútvegsþjónustunni frá 24. apríl er málið endurvakið (viðauki 4):⁴⁸

„Sem einn af núverandi eigendum Strandbúnaðar legg ég til að núverandi framkvæmdastjóri taki saman greinagerð um aðdraganda og framkvæmd þess að fyrrverandi framkvæmdastjóra var bolað frá, kynni fyrir stjórn Strandbúnaðar og sendi einnig greinagerðina til allra eigenda félagsins“.

Málið var endurvakið tæpu ári eftir að fyrrverandi framkvæmdastjóri skilaði af sér rekstrinum og er það óheppilegt hve langur tími leið en önnur má nutu forgangs.

Það má segja að á þessum tímapunkti hafi málið verið endurvakið tæpu ári eftir að Sjávarútvegsþjónustan skilaði af sér rekstrinum en þá hafði komið fram að hann muni láta í sér heyra.⁴⁹ Það er að vísu óheppilegt hve langur tími leið frá því að félaginu var skilað þar til málið var endurvakið. Ástæðan var einfaldlega að önnur mál er tengdust spillingunni við undirbúning og gerð laga um fiskeldi voru ofar í forgangsröðinni en þöggunarmál Strandbúnaðar.

Viðbrögð rekstraraðila

Núverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar var ekki sáttur við að sendur væri tölvupóstur á alla hluthafa Strandbúnaðar ehf. og kallaði eftir að frekar væri hringt í hann.⁵⁰ Á þessum tímapunkt var fyrrverandi framkvæmdastjóri búinn að ákveða að hafa öll samskipti formleg og rekjanleg. Í tölvupósti Gunnars Þórðarsonar framkvæmdastjóra Strandbúnaðar frá 27. apríl 2021 kemur fram:

51

„Það hefur aldrei staðið til né verið um það rætt að þú hefðir aðkomu að þessu máli Valdimar. Það var hins vegar alveg á hreinu, og þú marglýstir því yfir að þú ætlaðir ekki að koma nálægt ráðstefnunni og alls ekki að mæta á hana. Ég ráðlegg þér að leita þér hjálpar varðandi þessa vænisýki, enda veldur hún þér bara óþarfa vanlíðan. Ég ætla að vinna með laxeldismönnum, er reyndar ekki byrjaður að ræða málin við þá, enda vildum við klára nafnabreytingar og útlit áður en það væri gert. Ráðstefnan verður ekkert án aðkomu þessara stóru stöndugu aðila, enda var það ástæðan fyrir brotthvarfi þínu að gera það mögulegt“.

Á þessum tímapunkt var fyrrverandi framkvæmdastjóri búinn að ákveða að hafa öll samskipti formleg og rekjanleg.

Þessum er síðan svarað efnislega lið fyrir lið af Sjávarútvegsþjónustunni (viðauka 5) og í stuttri samantekt af helstu atriðum:⁵²

- *Mæting á ráðstefnunna:* Fyrrverandi framkvæmdastjóri ætlaði ekki að mæta á ráðstefnunna en hans aðkoma verður áfram í gegnum Sjávarútvegsþjónustuna sem einn af hluthöfum Strandbúnaðar á aðalfundum félagsins. Það var því afar óheppilegt að framkvæmdastjórinn notaði orðalagið „Það hefur aldrei staðið til né verið um það rætt að þú hefðir aðkomu að þessu máli Valdimar“.
- *Ræða við laxeldismenn:* Varðandi að Gunnar Þórðarson væri ekki byrjaður að ræða við

Það er óheppilegt að halda því fram að fyrrverandi framkvæmdastjóri hafi ekki aðkomu að málinu þar sem félag hans, Sjávarútvegsþjónustan er einn af hluthöfum Strandbúnaðar.

⁴⁸ 24. apríl 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

⁴⁹ 26. apríl 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

⁵⁰ 26. apríl 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

⁵¹ 27. apríl 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

⁵² 27. apríl 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

laxeldismenn er hæpin fullyrðing þar sem samtalið hafði væntanlega staðið yfir í um ár (kafla 2).

- *Ráðstefnan verður ekkert án þessara stöndugu aðila:* Í þessu samhengi ber að nefna að Strandbúnaður var rekinn með hagnaði öll heilu rekstrarárin (2017-2019) án styrkja frá laxeldisfyrirtækjum í meirihlutaeigu erlendra aðila.

Fyrirverandi framkvæmdastjóri mætir ekki á ráðstefnuna en hans aðkoma er og verður í gegnum Sjávarútvegsþjónustuna sem einn af hluthöfum Strandbúnaðar á aðalfundum félagsins.

Óskað eftir viðbrögðum

Í tölvupósti frá 5. maí 2021 óskaði Sjávarútvegsþjónustan sem einn af hluthöfum Strandbúnaðar formlega eftir við stjórn félagsins:^{53 54}

- Núverandi framkvæmdastjóri verði látin taka saman greinagerð um aðdraganda og framkvæmd þess að undirrituðum var bolað frá, kynni fyrir stjórn Strandbúnaðar og sendi einnig greinagerðina til allra eigenda félagsins. Í greinagerðinni komi vel fram raunverulegar ástæður þess að fyrirverandi framkvæmdastjóra var bolað frá.
- Í framhaldinu sendi stjórn Strandbúnaðar frá sér fréttatilkynningu þar sem undirritaður er beðinn afsökunar á þeim mistökum sem hafa verið gerð og í tilkynningunni verði rakin ástæða þess að honum var bolað frá.

Fundað með formanninum

Fljótlega eftir að Sjávarútvegsþjónustan hafði sent bréf til stjórnar félagsins óskaði formaðurinn, Halldór Halldórsson eftir fundi en hann tók við þeirri stöðu í lok ársins 2020. Haldinn var ágætur fundur og farið yfir málið. Það sem var athyglisvert að fram kom að það ætti að kalla eftir fleiri hluthöfum og þar munu eflaust stóru laxeldisfyrirtækin koma sterkt inn⁵⁵ sem varð síðan raunin (kafla 4.2). Á fundinum kom einnig fram í máli formannsins að sú staða gæti komið upp það fjölgaði í hluthafahópnum og þannig gæti verið erfitt fyrir fyrirverandi framkvæmdastjóra að ná fram sínum málum.⁵⁶

Fram kom á fundinum með stjórnformanni Strandbúnaðar að eflaust munu stóru laxeldisfyrirtækin koma sterkt inn í hluthafahóp félagsins og það gæti verið erfitt að ná framgangi.

3.3 Kynningarfundur Matís

Kynningarfundurinn

Á kynningarfundum hjá Matís undir heitinu „*Rannsóknir og nýsköpun fyrir fiskeldi framtíðar*“ sem haldinn var 17. maí 2021 þar sem framkvæmdastjóri Strandbúnaðar og starfsmaður Matís hélt kynningu, kemur m.a. fram:⁵⁷

- a. Það kom upp mál á síðasta ári að fyrirverandi framkvæmdarstjóri Strandbúnaðar þurfti skyndilega að hætta.
- b. Matís tók að sér framkvæmdarstjórn í neyð.
- c. Matís sá í þessu tækifæri til að auka samstarf við aðila sem eru í eldi og ræktun.

⁵³ 5. maí 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

⁵⁴ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-2.-Stjrn-Strandbnaar.pdf>

⁵⁵ 8. júní 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

⁵⁶ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/15.-Tlvupstur-28.-oktber-2021.pdf>

⁵⁷ <https://matis.is/vidburdir/rannsoknir-og-nysskopun-fyrir-fiskeldi-framtidar/>

Staðreyndin er að Matís yfirtók ráðstefnuna til að skapa fyrrverandi stjórnarformanni Strandbúnaðar verkefni og nota vettvanginn til að markaðssetja félagið innan greinarinnar til fjárhagslegs ávinnings – Hér er opinbert hlutafélag komið á hættulega braut og ekki minnst fyrir að vera þátttakandi í þöggunarferlinu (viðauki 6). Það hefði verið heppilegra á kynningarfundum opinberrar stofnunar að nefna nafn fyrrverandi framkvæmdastjóra og þakka honum fyrir frábært starf í þágu félagsins undanfarin ár.

Svar rekstraraðila

Forstjóri Matís sem var kominn á tölvupóstlistann þótti ástæða til að svara Sjávarútvegsþjónustunni:

58

„Matís hefur ekkert vald í þessu máli og stýrir ekki umræddu félagi. Við erum hluthafi og getum mætt á hluthafafundi og kosið en stjórn hlutaðeigandi félags og framkvæmdastjóri þess bera ábyrgð á þeim ákvörðunum sem teknar eru. Hluthafar geta óskað eftir því að haldinn sé auka hluthafafundur og er skylt að verða því ef hluthafi sem á amk. 5% óskar eftir því skriflega og greinir jafnframt frá því málefni sem óskað er að hluthafafundur ræði“.

Málið snýst ekki um hluthafafund sem var aldrei haldinn, heldur er verið að bend á að kynningarleiðir opinbers félags séu notað til að gera lítið úr fyrrverandi framkvæmdarstjóra Strandbúnaðar (viðauki 6). Viðmót núverandi framkvæmdastjóra gagnvart fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar var í raun það sama og verið hafði í fyrri samskiptum og óheppilegt að notaðar væru kynningaleiðir opinbers hlutafélags til að gera lítið úr hans stöfum fyrir félagið. Bent er á að Matís, opinbert hlutafélag er þátttakandi á villandi málflutningi af ástæðum þess að fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar var bolað frá og hefur þannig heilmikið vald í þessu máli sem þátttakandi í þöggunarmáli (viðauki 7).

Til fjárhagslegs ávinnings

Á kynningarfundum Matís frá 17. maí 2021 kom m.a. eftirfarandi fram:⁵⁹

„Til að auka samskipti við eldis- og ræktunargreinar hefur Matís tekið að sér framkvæmdarstjórn fyrir Lagarlíf (áður Strandbúnaður) sem er árleg ráðstefna eldis og ræktunar“.

Matís, opinbert hlutafélag er þátttakandi á villandi málflutningi af ástæðum þess að fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar var bolað frá og hefur þannig heilmikið vald í þessu máli sem þátttakandi í þöggunarmáli.

Var þetta markmiðið með stofnun Strandbúnaðar að Matís sem opinbert hlutafélag notaði vettvanginn til markaðssetningar? Einkahlutafélagið

Sjávarútvegsþjónustan sem rekstraraðili á fyrstu árum Strandbúnaðar lagði verulega fjármuni í að þróa og byggja félagið upp. Opinbert hlutafélag yfirtekur síðan reksturinn og notar til fjárhagslegs ávinnings. Öll laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila eru nú „innlendir samstarfsaðilar Matís í rannsóknum“.⁶⁰

Framkvæmdastjóri Strandbúnaðar, Gunnar Þórðarson notar nú Strandbúnað til að auglýsa sitt verkefni sem er að finna á vef Strandbúnaðar⁶¹ og sjálfan sig í fjölmiðlum.⁶² Höfundur hafði frumkvæði að stofnun Strandbúnaðar og Sjávarútvegsráðstefnunnar og þar var lagt upp með að hann sjálfur og hans félag Sjávarútvegsþjónustan væru ekki sýnileg. Ástæðan fyrir því var sú að hann einn

⁵⁸ 7 Júní 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

⁵⁹ <https://matis.is/vidburdir/rannsoknir-og-nyskopun-fyrir-fiskeldi-framtidar/>

⁶⁰ <https://matis.is/rannsoknir-og-nyskopun/innlendir-samstarfsadilar/>

⁶¹ Linkur hefur verið gerður óvirkur

⁶² <https://www.mbl.is/200milur/frettir/2022/10/21/metthattaka-a-radstefnu-eldis-og-raektunargreina/>

Strandbúnaðarmálið og þöggunin

fékk stærstan hluta sinnar vinnu greiddan en aðrir sem voru í sjálfboðavinnu fengu í staðinn m.a. að koma fram fyrir hönd félaganna í fjölmiðlum.

Einkahlutafélagið Sjávarútvegsþjónustan sem rekstraraðili á fyrstu árum Strandbúnaðar lagði verulega fjármuni í að þróa og byggja félagið upp. Opinbert hlutafélag yfirtekur síðan reksturinn og notar til fjárhagslegs ávinnings.

4. Aðalfundur Strandbúnaðar

4.1 Undirbúningur og kynning

Tölvupóstsamskipti

Framan af voru tölvupóstsamskipti eingöngu við fulltrúa hluthafa Strandbúnaðar og stjórnar félagsins. Það var síðan stöðugt bætt við tölvupóstlistann og eru núna rúmlega 500 manns á honum, öll stjórnarsýslan sem kemur að málefnum fiskeldis, stór hópur fiskeldismanna o.fl.⁶³ Í fjöldapósti frá 7. október 2021 óskar Sjávarútvegsþjónustan sem er einn af hluthöfum Strandbúnaðar eftir að tvö mál verði tekin undir sérstökum lið eða undir liðnum önnur mál á aðalfundi Strandbúnaðar 2021 (viðauki 8):⁶⁴

- Mál 1: Kallað eftir formlegu svari við bréfi til stjórnar Strandbúnaðar.⁶⁵
- Mál 2: Kynningarfundur hjá Matís.⁶⁶

Viðbrögð við fjöldapósti

Formaður Strandbúnaðar staðfesti samdægurs móttöku tölvupósts fulltrúa Sjávarútvegsþjónustunnar og fram kom í svari hans:⁶⁷

„Ég staðfesti móttöku þessa erindis frá þér og set það í hendur aðalfundar og fundarstjóra aðalfundar“.

Það var í sjálfum sér vitað fyrirfram að greinargerðir Sjávarútvegsþjónustunnar myndu ekki berast með formlegum hætti á aðalfund Strandbúnaðar og var það ástæðar þess að þær voru sendar í fjöldapósti til að ekki vær hægt að segja að gögnin hafi ekki borist.

Framkvæmdastjóri Strandbúnaðar svaraði síðan þann 21. október 2021⁶⁸ og þar kom m.a. fram:

„Í millitíðinni hefur komið ósk frá einum hluthafa, Valdimar Gunnarssyni, fyrir hönd Sjávarútvegsþjónustunnar, um að hluthafafundur fjalli um hans mál. Við því verður að sjálfsögðu orðið og verður málið tekið undir önnur mál. Að gefnu tilefni fylgir hér með greinargerð framkvæmdastjóra um málefni Valdimars. Hún er rituð á mína ábyrgð en ekki stjórnar Strandbúnaðar“.⁶⁹

Vakin er athygli á því að tvær greinargerðir^{70 71} Sjávarútvegsþjónustunnar fylgdu ekki með fundarboði framkvæmdarstjóra Strandbúnaðar. Aðeins barst greinargerð⁷² núverandi framkvæmdastjóra þar sem Sjávarútvegsþjónustunni var svarað. Greinargerðir Sjávarútvegsþjónustunnar bárust því aldrei formlega til hluthafa hvorki frá stjórn eða starfsmanni félagsins. Það var í sjálfum sér vitað fyrirfram tekið mið af þeim vinnubrögðum sem höfðu viðgengist fram að þessu. Það var ástæðan fyrir því að mínar greinargerðir voru sendar í fjöldapósti m.a. til stjórnar og hluthafa Strandbúnaðar og fjölda annarra aðila til að ekki væri hægt að segja að gögnin hafi ekki borist.

Ítrekun

Þann 27. október 2021 ítrekaði Sjávarútvegsþjónustan að tvö mál yrðu tekin fyrir á aðalfundi Strandbúnaðar 29. október með að senda fjöldapóst þar sem móttakendur voru m.a. hluthafar og

⁶³ <https://sjarvartvegur.is/wp-content/uploads/2022/12/Fiskeldisfrettir-nr.-1-2022.pdf>

⁶⁴ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/10.-Tlvupstar-7.-oktber-2021.pdf>

⁶⁵ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-2.-Stjrn-Strandbnaar.pdf>

⁶⁶ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-3.-Kynningarfundir-Mats.pdf>

⁶⁷ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Halldr-07.10.2021.pdf>

⁶⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/7.-pstu-21.10.2021.pdf>

⁶⁹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Greinager-Gunnars-og-fundagerir.pdf>

⁷⁰ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-2.-Stjrn-Strandbnaar.pdf>

⁷¹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-3.-Kynningarfundir-Mats.pdf>

⁷² <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Greinager-Gunnars-og-fundagerir.pdf>

stjórn félagsins.⁷³ Með póstinum fylgdu einnig tvö viðhengi um mál sem óskað var eftir að tekin væru fyrir á aðalfundinum.⁷⁴ ⁷⁵ Jafnframt voru ýmis mál reifuð og til nánari upplýsingar er vísað í tölvupóstinn.⁷⁶

Önnur ítrekun

Þrátt fyrir lof um að taka tvö mál Sjávarútvegsþjónustunnar fyrir á aðalfundi Strandbúnaðar voru alltaf efasemdir um að slíkt yrði gert og fram kemur í fjöldapósti 28. október (viðauki 10):⁷⁷

„Sú staða gæti því komið upp að aðalfundur tæki þá ákvörðun að hunsað mína beiðni. Ef það verður niðurstaðan, sem sennilega er líklegast, þá er farið fram á að það verði fært til bókar á aðalfundinum. Jafnframt að gerð verði grein fyrir atkvæði einstakra hluthafa Strandbúnaðar. Á fundi með formanninum fyrr á árinu kom fram að sú staða gæti komið upp það fjölgaði í hluthafahópnum og þannig gæti verið erfitt fyrir undirritaðan ná fram sínum málum“.

Það er ólíðandi að ólígarkar reyni að nota Strandbúnaðar til að stuðla að því að eðlileg og fagleg gagnrýni í mínu nafni sé þögguð niður.

Jafnframt kemur fram:⁷⁸

„Það er ólíðandi og óþolandi, eftir að ólígarkar sem höfðu valsast með stefnumótun stjórnvalda sjálfum sér og sínum til fjárhagslegs ávinnings í framhaldinu, noti Strandbúnaðar til að stuðla að því að eðlileg og fagleg gagnrýni í mínu nafni sé þögguð niður. Það er miður hvernig Strandbúnaður hefur látið misnota sig við að þagga niður mína réttmætu gagnrýni á spillingu. Að sjálfsgöðu eru margir sem standa að Strandbúnaði fjárhagslega háðir ólígörkunum og mun því ekki styðja undirritaðan þó þeirra hugur standi e.t.v. til þess“.

Kynningarblað

Í tilefni af ráðstefnunni Lagarlíf var gefið út sértak kynningarblað með Fréttablaðinu þann 27. október.⁷⁹ ⁸⁰ Í kynningarblaðinu var m.a. viðtal við formann Strandbúnaðar og við sumu sem þar kom fram er full ástæða til að gera athugasemdum:

„Þetta byrjaði miklu smærra en hefur vaxið gríðarlega á skömmum tíma, ekki síst vegna þess að nú eru eldisfyrirtækin að koma inn í þetta“.

Í þessu samhengi ber að nefna að strax á fyrstu ráðstefnunni 2017 komu 260 manns og í framhaldinu hefur ráðstefnan vaxið í takt við aukningu í greininni á árunum 2017- 2019.⁸¹ Fram kemur í frétt á vef ráðstefnunnar að á Lagarlíf 2021 sóttu á fimmta hundruð manns.⁸² Í þessu samhengi er bent á að á ráðstefnuna sóttu um 350 manns á árinu 2019 og fjölgunin því í takt við þá miklu fjölgun starfsmanna í greininni,

Ólígarkar

Eftir að hafa skrifað nokkrar greinar í fjölmiðlum fékk höfundur ábendingu um að það sem væri verið að fjalla um væri skilgreint „Að fanga ríkisvaldið“ (e. state capture). Í því sambandi var einnig bent á: „Í umbreytingarhagkerfum (e. Transition economies) hefur spilling tekið á sig nýja mynd; hinir svokölluðu klíkubræður, „ólígarkar“, vasast í stefnumótun stjórnvalda og móta jafnvel leikreglurnar sjálfir til að þjóna eigin hagsmunum og gefa sjálfum sér þannig einstakt forskot á aðra á markaði.“

⁷³ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/14.-Tlvupstur-27.-oktber.pdf>

⁷⁴ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-2.-Stjrn-Strandbnaar.pdf>

⁷⁵ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-3.-Kynningarfundir-Mats.pdf>

⁷⁶ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/14.-Tlvupstur-27.-oktber.pdf>

⁷⁷ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/15.-Tlvupstur-28.-oktber-2021.pdf>

⁷⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/15.-Tlvupstur-28.-oktber-2021.pdf>

⁷⁹ <https://frettabladid.overcastcdn.com/documents/SD211027.pdf>

⁸⁰ <https://www.frettabladid.is/lifid/lagarlif-veri-leiandi-viburur-greinarinnar/>

⁸¹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-4.-Fjldi-rstefnugesta-Strandbnai.pdf>

⁸² <https://strandbunadur.is/forsidufrettir/frabaer-adsokn-a-radstefnuna-lagarlif-2021/>

en á árinu 2019 störfuðu 491 manns í greininni og 597 á árinu 2021.⁸³ Ágæt tölfræði hefur verið haldin um þátttakendur af fyrri rekstraraðila.⁸⁴ Öðru máli gildir um núverandi rekstraraðila, eða a.m.k. hefur hann ekki birt þær upplýsingar opinberlega af einhverjum ástæðum.

4.2 Aðalfundur Strandbúnaðar 2021

Aðalfundurinn

Aðalfundurinn Strandbúnaðar var haldinn 29. október og var Einar Kr. Guðfinnsson fundastjóri og Gunnar Þórðarson fundaritari.⁸⁵ Fram kom á fundinum að þrjú ný félög væru komin inn í hluthafahóp Strandbúnaðar; Arnarlax, Laxar fiskeldi (Fiskeldi Austfjarða) og Íslenska kalkþörungafélagið. Í máli framkvæmdastjórans kom fram að væntanlega kæmu fleiri hluthafar inn í Strandbúnað. Sjávarútvegsþjónustan óskar eftir að fá lista yfir þessi félög þegar þau gerast hluthafar Strandbúnaðar.⁸⁶ Sá listi barst aldrei enda bættusti ekki fleiri félög við eins og fram kemur á aðalfundi Strandbúnaðar 2022 (Kafli 5.2).

Arnarlax og Fiskeldi Austfjarða komu inn sem nýir hluthafar í Strandbúnaði ástamt Íslenska kalkþörungafélaginu. Boðað var að fleiri kæmu inn sem ekki hefur ennþá raungerst.

Þess gætt að nefna ekki á nafn

Í mál formanns Strandbúnaðar á aðalfundi félagsins var minnst á gott starf frumkvöðla og eðlilegt að það verði færst til bókar fundargerðar. Formaður Strandbúnaðar gætti að því að nefna fyrrverandi framkvæmdastjóra aldrei á nafn og þakka honum sérstaklega fyrir að hafa frumkvæði á stofnun Strandbúnaðar og gott starf í þágu félagsins.⁸⁷ Það er eins og ákveðið hafi verið í stjórn félagsins að leggja þá línu að gera sem minnst úr góðri vinnu hans og reyna þagga málið sem mest niður.

Þess var gætt á aðalfundinum að nefna fyrrverandi framkvæmdastjóra aldrei á nafn og þakka honum sérstaklega fyrir að hafa frumkvæði á stofnun Strandbúnaðar og gott starf í þágu félagsins.

4.3 Eftirmálar aðalfundar

Fyrstu athugasemdir

Strax daginn eftir aðalfundinn sendi Sjávarútvegsþjónustan athugasemdir til stjórnar og hluthafa Strandbúnaðar þar sem m.a. kom fram.^{88 89}

- Það kom á óvart að fundastjórinn Einari Kr. Guðfinnsson virtist ekki kannast við þau gögn sem undirritaður sendi.
- Að framkvæmdastóri Strandbúnaðar væri hættur að lesa póst frá eiganda Sjávarútvegsþjónustunnar sem er einn af hluthöfum félagsins. Rekstur Strandbúnaðar er

⁸³ <https://radarinn.is/Fiskeldi/Vinumarkadur>

⁸⁴ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-4.-Fildi-rstefnugesta-Strandbnai.pdf>

⁸⁵ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/Fylgiskjal-6.-Athugasemdir-vi-fundager-aalfundar.pdf>

⁸⁶ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/Fylgiskjal-5.-Athugasemdir-vi-aalfund.pdf>

⁸⁷ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/Fylgiskjal-6.-Athugasemdir-vi-fundager-aalfundar.pdf>

⁸⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Pstur30.10.2021.pdf>

⁸⁹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Fylgiskjal-1.-Strandbnaur-Brf1.pdf>

eitt af þeim verkefnum sem Matís hefur tekið að sér og óheppilegt að opinber starfsmaður, sem framkvæmdastjóri Strandbúnaðar lesi ekki póst frá einum af eigendum félagsins.

Jafnframt var ítrekað að beiðni Sjávarútvegsþjónustunnar á aðalfundi Strandbúnaðar verði skjalfestar í fundargerð.⁹⁰

Fundagerðin

Sjávarútvegsþjónustan kom með formlegar athugasemdir við fundargerð⁹¹ aðalfundar Strandbúnaðar 2021 sem send var 3. nóvember til hluthafa og stjórnar félagsins.⁹² Farið var fram á að fundagerð yrði endurrituð er varðar

liðinn önnur mál og tekið tillit til athugasemda fulltrúa Sjávarútvegsþjónustunnar, sem merktar voru með rauðu á skjalinu.⁹³ Á þessum tímapunti voru viðbrögðin m.a. að aðilar málsins óskuðu eftir að vera teknir af tölvupóstlistanum eins og í tilfelli framkvæmdastjóra Strandbúnaðar o.fl.⁹⁴ Það var ekki orðið við þeirri beiðni þar sem þeir voru hluti af málinu.

Það er óheppilegt að framkvæmdarstjóri Strandbúnaðar sé hættur að lesa tölvupósta frá Sjávarútvegsþjónustunni, einum af eigendum félagsins.

Fundaritari

Sjávarútvegsþjónustan benti á að óheppilegt hafi verið að framkvæmdastjóri Strandbúnaðar hafi ritað fundagerðina:⁹⁵

„Eftir á að hyggja hefði verið heppilegra að hlutlaus aðili hefði ritað fundagerð. Þannig tryggt að það sem kom fram á fundinum endurspegladist í fundagerð. Opinber starfsmaður sem vinnur hjá opinberu hlutafélagi Matís og er jafnframt framkvæmdastjóri Strandbúnaðar hefði mátt gæta meiri hófsemi, hlutleysi og nákvæmni við ritun fundagerðar“.

Eins og búist var við fékk beiðni Sjávarútvegsþjónustunnar ekki efnislega umfjöllun og var ekki bókuð í fundargerð og kom það ekki á óvart. Þess var farið fram á að fundagerð verði endurrituð er varðar liðinn önnur mál og tekið tillit til athugasemda Sjávarútvegsþjónustunnar.⁹⁶ Það var ekkert tekið tillit til athugasemdanna og endanlegri óbreyttri fundagerð var afhent hluthöfum á aðalfundi Strandbúnaðar 2022 (kafla 5.2).

Viðbrögð rekstraraðila

Í tölvupósti frá 4. nóvember frá framkvæmdastjóra Strandbúnaðar og ritara á aðalfundi félagsins kemur fram:⁹⁷

„Það færi best á því að Valdimar sendi inn athugasemdir um fundargerðina í stuttu máli, efnislega. Ekki upp á 3 blaðsíður. Valdimar sendi inn athugasemdir sem ekki eru gildishlaðnar og eru málefnalegar. Tillögur að því sem mætti laga og ég skal koma því til skila á næsta stjórnarfund. Fundagerðin eins og hún er núna hefur ekki verið samþykkt af stjórn, eins og PMJ bendir á!“

Í þessu samhengi er vert að bend á að Gunnar Þórðarson sem ritari aðalfundar og fulltrúi Sjávarútvegsþjónustunnar voru fyrst og fremst þeir sem deildu og ritarinn því í einstakri stöðu að skrifa fundagerð eins og honum hentaði best og verður það að teljast mjög óheppilegt.

⁹⁰ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/Fylgiskjal-5.-Athugasemdir-vi-aalfund.pdf>

⁹¹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/Fylgiskjal-6.-Athugasemdir-vi-fundager-aalfundar.pdf>

⁹² <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Postur-03.11.2021.pdf>

⁹³ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/Fylgiskjal-6.-Athugasemdir-vi-fundager-aalfundar.pdf>

⁹⁴ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Psturr-04.11.2021.pdf>

⁹⁵ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/Fylgiskjal-6.-Athugasemdir-vi-fundager-aalfundar.pdf>

⁹⁶ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/Fylgiskjal-6.-Athugasemdir-vi-fundager-aalfundar.pdf>

⁹⁷ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Pstur.pdf>

Fulltrúi ráðuneytis?

Það vakt athygli að Jón Þrándur Stefánsson, starfsmaður Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis mætti á aðalfundinn en ráðuneytið er ekki einn af hluthöfum Strandbúnaðar. Jón Þrándur Stefánsson var ritari starfshóps sjávarútvegs- og

landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem höfundur hefur gagnrýnt mikið, m.a. hans aðkomu að því máli.⁹⁸ Það var því óskað eftir upplýsingum um hvort Jón Þrándur mætti á aðalfund Strandbúnaðar sem fulltrúi atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og ef svo er hver var þá tilgangurinn með því að hann mætti á fundinn.⁹⁹ Í svari ráðuneytis kemur fram:¹⁰⁰

„Rétt er að Jón Þrándur sat aðalfund Strandbúnaðar í beinu framhaldi af ráðstefnunni og var fundurinn opin öllum, ANR hafði ekki óskað þess sérstaklega að hann sæti þann fund. ANR er ekki hluthafi í Strandbúnaði og gerir ekki athugasemd við að breyting verði gerð á fundargerð og Jón Þrándur skráður sem einstaklingur sem sitji fundinn en ekki fulltrúi ANR“.

Í aðalfundargerð Strandbúnaðar frá 2021 sem var afhent á aðalfundi Strandbúnaðar 2022 er Jón Þrándur áfram skráður sem fulltrúi atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis.¹⁰¹

4.4 Kallað eftir gögnum

Drög að fundargerð

Það hafði gengið erfiðlega að fá viðbrögð við athugasemdum og beiðnum Sjávarútvegsþjónustunnar er varðar aðalfund Strandbúnaðar frá 29. október 2021 og var því kallað eftir gögnum í fjöldapóstum þann 2. mars (viðauki 11) og 21. júní 2022 en þar kemur m.a. fram:^{102 103}

„Undirritaður gerði fjölmargar athugasemdir við drög að fundargerð aðalfundar Strandbúnaðar. Farið er fram á að fá afhenta fundargerð aðalfundarins. Sjávarútvegsþjónustan er einn af eigendum Strandbúnaðar og það verður að teljast eðlileg krafa að fá endanlega fundargerð.“

Lagt var til að gögn sem voru send af Sjávarútvegsþjónustunni fyrir aðalfund Strandbúnaðar 2021 verði festar við fundargerðina og þannig gerð hluti af henni. Ekki hefur orðið við þeirri beiðni.

Í bréfi til stjórnar og hluthafa Strandbúnaðar frá 9. september 2022

var lagt til að athugasemdir við fundargerðina og gögn sem voru send af hluthafanum Sjávarútvegsþjónustunni fyrir aðalfund Strandbúnaðar 2021 verði festar við hana og þannig gerðar hluti af fundargerðinni.^{104 105} Ekki hefur orðið við þeirri beiðni ennþá.

⁹⁸ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/11/Fylgiskjal-1.-Stefnumotun-i-fiskeldi.pdf>

⁹⁹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Postur-fr-runeyti.pdf>

¹⁰⁰ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Postur-fr-runeyti.pdf>

¹⁰¹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Aalfundur-Strandbunaar-2021.pdf>

¹⁰² <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/06/Tlvupstur-21.06.2022.pdf>

¹⁰³ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/06/Fylgiskjal-4.-Strandbnaarmli.pdf>

¹⁰⁴ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/10/Fylgiskjal-2.-Strandbnaarmli.pdf>

¹⁰⁵ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Pstur-09.09.2022.pdf>

Endaleg fundargerð

Það var engu svarað fyrr en á aðalfundi Strandbúnaðar í 12. október 2022 en þá var endanleg fundargerð aðalfundar Strandbúnaðar 2021 dreift til hluthafa. Engar efnilegar breytingar voru gerðar á upphaflegri fundargerð aðalfundar Strandbúnaðar 2021.¹⁰⁶ Ítrekað er að

opinber starfsmaður og framkvæmdastjóri Strandbúnaðar, Gunnar Þórðarson skrifaði fundagerðina. Á aðalfundi Strandbúnaðar 2021 var Gunnar Þórðarson bæði í stöðu andmælanda og ritara og skrifað það sem honum sýndist. Vakin er athygli á því að hvorki stjórn félagsins, fundastjóri Einar Kr. Guðfinnsson eða hluthafar sem voru á fundinum hafa gert athugasemd við fundagerð ritarans svo vitað sé.

Vakin er athygli á því að hvorki stjórn félagsins, fundastjóri Einar Kr. Guðfinnsson eða hluthafar sem voru á fundinum hafa gert athugasemd við fundagerð ritarans svo vitað sé.

¹⁰⁶ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Aalfundur-Strandbunaar-2021.pdf>

5. Málinu fylgt eftir

5.1 Aðalfundur Strandbúnaðar 2022

Ósk um upptöku mála

Þann 12. október 2022 sendi Sjávarútvegsþjónustan sem einn af hluthöfum Strandbúnaðar bréf til stjórnar félagsins og hluthafa til að fylgja sínum málum eftir frá aðalfundi félagsins frá 2021.^{107 108}

„Í einum svarpósti framkvæmdarstjóra Strandbúnaðar frá 18. október 2021 kemur fram: „Undirritaður var stjórnarformaður Strandbúnaðar á þessum tíma og fékk í

framhaldi athugasemdir frá atvinnugreininni og skilaboð frá þeim að þeir myndu sniðganga ráðstefnuna ef þessu héldi áfram“. Hér er væntanlega um að ræða gagnrýni mína á spillingu innan greinarinnar. Það er farið fram á að framkvæmdastjóri Strandbúnaðar geri grein fyrir á aðalfundi Strandbúnaðar hvaða fyrirtæki þetta eru og hvort þau í framhaldinu hafi gerst hluthafar að félaginu“.

Á aðalfundinum óskaði Sjávarútvegsþjónustan eftir að svör fengjust við:

- Hvaða fyrirtæki vildu losna við fyrrverandi framkvæmdastjóra.

- Hvort þau í framhaldinu hafi gerst hluthafar í Strandbúnaði.

Aðalfundurinn og fundagerð

Aðalfundur Strandbúnaðar 2022 var haldinn 21. október og mættu á fundinn 11 manns. Jens Garðar Helgason var kosinn fundarstjóri og Kristín Hálfðánsdóttir ritari. Í fundagerðinni undir önnur mál kemur eftirfarandi fram:¹⁰⁹

„Valdimar fór fram á að framkvæmdastjóri Strandbúnaðar upplýsti hvaða fyrirtæki vildu að hann(V.I.G) hætti störfum á sínum tíma. Gunnar Þórðarson svaraði því til að ekkert fyrirtæki hefði gert það. V.I.G bað um að fært yrði til bókar að Gunnar hefði ekki svarað spurningu sinni. Jónas Viðarsson fulltrúi Matis svaraði einnig V.I.G.“.

Sérstök athygli er vakin á því að fram kemur í fundagerð að ekkert fyrirtæki vildi að fyrrverandi framkvæmdastjóri hætti störfum hjá félaginu. Allnokkur umræða var undir önnur mál á aðalfundi Strandbúnaðar en ekkert nema það sem farið var fram á að væri fært til bókar var ritað í fundagerð.

Umræðan

Fram kom á aðalfundi Strandbúnaðar að það væri byrjað að hringja í viðskiptaaðila Sjávarútvegsþjónustunnar og óska eftir að hætt verði viðskiptum við fyrirtækið – væntanlega vegna gagnrýni hans á spillingu innan greinarinnar.¹¹⁰ Jens Garðar Helgason, aðstoðarforstjóri Fiskeldis Austfjarða sem sá um fundarstjórn var eitt glott á meðan farið var yfir mál fyrrverandi framkvæmdastjóra en það hvarf af andliti hans þegar minnst var á símtölin af einhverjum ástæðum. Á aðalfundinum var málinu ekki fylgt eftir og spurt hvort einhver á fundinum kannaðist við þessar hringingar.

Byrjað er að hringja í viðskiptaaðila Sjávarútvegsþjónustunnar og óska eftir að hætt verði viðskiptum við fyrirtækið. Fundarstjórinn var eitt glott á meðan farið var yfir mál fyrrverandi framkvæmdastjóra en það hvarf af andliti hans þegar minnst var á símtölin af einhverjum ástæðum.

¹⁰⁷ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/10/Fylgiskjal-2-Strandbnaarmli.pdf>

¹⁰⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/10/potur12.10.2022.pdf>

¹⁰⁹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Aalfundur-Strandbunaar-2022.pdf>

¹¹⁰ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2023/01/Pstur-VIG-25.10.2022.pdf>

Hvert eru menn að fara?

Nú eru laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila öll orðinn hluthafar í Strandbúnaði. Með yfirtöku Matis á Strandbúnaði eru laxeldisfyrirtækin byrjuð að styrkja ráðstefnur vettvangsins, sem aðalstyrktaraðilar á árinu 2021¹¹¹ og 2022¹¹². Framgangur gagnvart undirrituðum flokkast undir þöggun sem er kerfisbundin aðferð til að koma í veg fyrir að fólk tjái skoðanir sínar. Strandbúnaður ætti að vera hlutlaus vettvangur þar sem menn geta tjái skoðanir sínar bæði utan og innan án þess að vera refsað. Það er full ástæða fyrir eigendur og stjórn Strandbúnaðar og aðra innan greinarinnar að íhuga hvert félagið stefnir.

5.2 Rannsókn

Rangfærslur

Vegna rangfærslna er komu fram á aðalfundi Strandbúnaðar 2022 og í fyrri samskiptum var ákveðið að gera ítarlega rannsóknarskýrslu þar sem staðreyndir málsins eru raktar og tímasettar, farið faglega yfir eins og verið er að gera í öðrum tengdum málum er tengjast spillingu við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og eftir að löggin voru samþykkt.¹¹³ Strandbúnaðarmálið snýr að þöggun og mikilvægt að staðreyndir málsins liggi fyrir á einum stað.

Málið endurvakið

Í tölvupósti frá 24. apríl 2021 veltir höfundur fyrir sér hvað hafi komið fram í samtölum Gunnars Þórðarsonar og hluthafa Strandbúnaðar.¹¹⁴ Í svari við tölvupóstinum kemst Davíð Kjartansson framkvæmdastjóri Sjávareldis einn af eigendum Strandbúnaðar ehf. þannig að orði:

„Núverandi formaður hafði samband við mig þegar þú ákvaðst að hætta sem formaður og minnst ég þess að við vorum bara sammála um að vera ósammála um vissa hluti“.

Um hvað voru þeir ósammál? Kallað var eftir viðbrögðum annarra eigenda Strandbúnaðar en enginn brást við því, nema það barst tölvupóstur frá Gunnari Þórðarsyni þann 24. apríl 2021:¹¹⁵

„Ég þori að standa frammi fyrir öllum sem ég hrindi í á þessum tíma kinnroðalaust, það var sameiginleg niðurstaða okkar beggja um að það væri nauðsynleg. Það er alveg á hreinu að ég sýndi drenglyndi í þeim viðræðum og hallað á engan hátt á þig“.

Rannsóknin

Varðandi samtal Gunnars Þórðarsonar við hluthafa snemma á árinu 2020 var óskað eftir að hluthafar Strandbúnaðar svöruðu eftirfarandi spurningum:¹¹⁶

- Hver var ástæðan fyrir því að fyrrverandi framkvæmdastjóri átti að víkja?
- Hverjir vildu að hann myndi víkja úr starfi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar?
- Hver var þín afstaða til málsins?

5.3 Niðurstöður rannsókna

Viðmælendur

Í byrjun ársins 2020 voru hluthafar Strandbúnaðar 16 og var haft samband við þá alla nema einn hluthafa sem hvorki svaraði tölvupóstum eða símtölum. Það dróst að hafa samband við hluthafa vegna þessa máls en formlega var fyrst haft samband við hluthafa í janúar 2023 með að senda tölvupóst á þá. Það er því ekki vísað beint í viðmælendur nema í tilfellum skriflegs svars sem var í

¹¹¹ <https://strandbunadur.is/styrktaradilar-2021/>

¹¹² <https://strandbunadur.is/>

¹¹³ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Pstur-VIG.pdf>

¹¹⁴ 24. Apríl 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

¹¹⁵ 23. Apríl 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>


¹¹⁶ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Pstur-VIG.pdf>

Strandbúnaðarmálið og þöggunin

tilfelli Matís (mynd 5.1). Hér er um að ræða skriflegt svar frá Gunnari Þórðarsyni, framkvæmdastjóra Strandbúnaðar og starfsmanns Matís. Sendur hefur verið tölvupóstur til yfirmanna Matís og spurt „*Má ég nota svör Gunnars sem svör Matís sem einn af hluthöfum Strandbúnaðar við spurningum mínum?*“ Yfirmenn Matís hafa ekki svarað póstinum þrátt fyrir ítrekanir. Til að setja ekki einstaka hluthafa í óþægilega stöðu sem rætt var við símleiðis er almennt fjallað um svör þeirra. Jafnframt var tekið tillit til:

- Í sumum tilvikum vildu menn ekki láta hafa neitt eftir sér og var það virt.
- Fram kom að um væri að ræða viðskiptasambönd og því hlutlaus í málinu.
- Þetta er pólitík sem ekki var hægt að blanda sér í.

Fram kom í viðtölum fulltrúa Sjávarútvegsþjónustunnar við hluthafa Strandbúnaðar að í sumum tilvikum könnuðustu menn ekki við að Gunnar hafi hringt eða mundu ekki eftir því. Í máli sumra kom m.a. fram að menn skildu ekki hvað hafði verið um að ræða og fannst fáránlegt.



Mynd 5.1. Tölvupóstur sem sendur var til hluthafa Strandbúnaðar og svar Gunnars Þórðarsonar (auðkennt með rauðu).

Hver var ástæðan fyrir því að fyrrverandi framkvæmdastjóri átti að víkja?

Ástæðan kemur mjög vel fram í svari Gunnars (mynd 5.1), þ.e.a.s. skrif fyrrverandi framkvæmdastjóra um laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila og stjórnendur þeirra. Í samtali við hluthafa kom vel fram að

- Stóru laxeldisfyrirtækin hugnuðust ekki skrif höfundar í fjölmiðlum á þessum tíma.
- „Skoðanir þínar eða skrif þóttu óþægilegt fyrir norsku fyrirtækin.“
- Sjókvíaeldisfyrirtækin myndu ekki taka þátt ef fyrrverandi framkvæmdastjóri héldi áfram.
- Sumir lögðu það mat á málið að honum hefði verið bolað út og rekinn sem framkvæmdastjóri vegna skoðana sinna. Það var viðbúið að hann fengi þetta viðmót vegna skrifa sinna.

Hverjir vildu að hann myndi víkja úr starfi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar?

Í raun svarar Gunnars þessu í fyrri spurningunni af hverju framkvæmdastjórinn átti að víkja, þ.e.a.s. vegna níðskrifa að hans mati um laxeldisfyrirtækin (mynd 5.1). Í samtali við hluthafa kom m.a. fram

að að stóru laxeldisfyrirtækin væru ósátt. Sumir svöruðu að um væri að ræða stóru norsku laxeldisfyrirtækin sem vildu fyrrverandi framkvæmdastjóra burt eða væntanlega stóru laxeldisfyrirtækin kom fram í svörum annarra.

Hver var þín afstaða til málsins?

Fram kemur í svari Gunnars að það hafi engin önnur staða verið í málinu (mynd 5.1). Í samtölum kom fram að sumir væru á móti því að fyrrverandi framkvæmdastjóri hætti vegna þessa máls. Í sumum tilvikum voru menn sammála um að vera ósammála. Aðrir voru hissa og töldu þetta óþarfa og fáránlegt. Í sumum tilvikum var mönnum tilkynnt að fyrrverandi framkvæmdastjóri myndi víkja.

Fram kom í máli sumra hluthafa Strandbúnaðar að þeir væru orðnir óvirkir.

Viðaukar

Viðauki 1. Bréf til stjórnar Strandbúnaðar

Dags.: 26. Janúar 2020

Tölvupóstur til stjórnar Strandbúnaðar

Vegna skrifu undirritaðs í fjölmiðla hafa eigendur/forsvarsmenn stærri laxeldisfyrirtækja orðið ósáttir og fram hefur komið að sum fyrirtækjanna ætla ekki að senda starfsmenn sína á ráðstefnuna. Málið varðar fyrst og fremst Arnarlax og Fiskeldi Austfjarða enda hef ég ekki legið á skoðun minni um vinnubrögð stjórnarformanna þeirra fyrirtækja. Það er í sjálfum sér ekkert nýtt að ákv. aðilar hafa ekki verið alveg sáttir að ég sé starfsmaður Strandbúnaður með allt aðra skoðun og sýn en forsvarsmenn fyrirtækja með sjókvíaeldi laxfiska.

Greinaskrif starfsmanns

Það eru skiptar skoðanir um þessi greinaskrif, sumir ánægðir en aðrir mjög ósáttir. Haft skal í huga að það er verið að gangrýna ákveðna aðila innan sjókvíaeldis laxfiska en ekki greinina í heild sinni. Vissulega mun framganga mín hafa neikvæð áhrif á strandbúnað í heild sinni þó ekki hafi verið lagt upp með það. Þeir sem nú er ósáttir hafa nú þegar eyðilagt orðspor sjókvíaeldis laxfiska og er í raun ekki miklu við að bæta. Þessi átöku sem hafa staðið yfir í nokkur ár og hafa ekkert með Strandbúnað að gera. Það væri jafnframt mjög óheppilegt að draga þessi átök innan greinarinnar inn í Strandbúnað. Veit ekki til þess að ég hafi dregið mína vegferð sem í raun hófst árið 2016 inn til umfjöllunar í Strandbúnað. Til upplýsinga er samantekt yfir vegferðina frá byrjun ársins 2019 að finna á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Ófyrirsjáanlegar afleiðingar

Hér á eftir mun ég gefa stjórninni bakgrunnsupplýsingar og drag upp sviðsmyndir. Sumum mun eflaust finnast þær dramatískar, en höldu öllu opnu þar sem það er alveg ljóst að ég mun halda minni vegferð að fullu kraft fram að næstu alþingiskosningum og það getur verið erfitt að átta sig á framgangi mála á næstu mánuðum og árum. Það verður skotið föstum skotum á stjórnarformenn Arnalax og Fiskeldis Austfjarða og ákveðnar opinberar stofnanir og ef farin verður sú leið að svara því sem fram kemur í greinunum mun það vera sama og hella olú á eldinn. Fram að þessu hafa menn sýnt þá skynsemi að svar ekki í þeirri viðleitni að kæfa málið.

Hverjir stofnuðu Strandbúnað?

Strandbúnaður er stofnaður af fjölbrettum hópi félaga árið 2016 (sjá töflu næstu töflu). Það sem vekur athygli er að Landssamband fiskeldisstöðva var ekki einn af stofnendum og hluthöfum Strandbúnaðar og jafnframt heldur ekki stóru laxeldisfyrirtækin nema Arctic fish. Það voru ekki allir fullkomlega sáttir með að Strandbúnaður væri stofnaður. Með stofnun Strandbúnaðar færðust ráðstefnur innan iðnaðarins frá hagsmunasamtökum yfir á hlutlausan vettvang.

Það vekur jafnframt athygli að eini fjölmiðilinn innan fiskeldis þ.e.a.s. Fiskeldisblaðið og Fiskeldisbladið.is hefur ekkert fjallað um Strandbúnað þrátt fyrir að blaðamaður frá miðlinum hafi verið á ráðstefnunni. Útgefandi Fiskeldisblaðsins er Fjölmiðlun ráðgjöf ehf. í samstarfi við Landssamband fiskeldisstöðva.

Strandbúnaðarmálið og þöggunin

Strandbúnaður ehf.				
kt. 551216-0390				
Hluthafalisti 31. desember 2017				
Nafn hluthafa	Kennitala hluthafa	Tengiliður	Hlutfé (ÍSK)	Eignarhlutur (%)
Sjávarútvegsþjónustan ehf.	410699-2269	Valdimar Ingi Gunnarsson	100.000	6,25
Arctic Sea Farm ehf.	700807-0450	Sigurður Pétursson	100.000	6,25
Keynatura ehf.	580914-1280	Sjöfn Sigurgísladóttir	100.000	6,25
Mátis ohf.	670906-0190	Arnjótur Bjarki Bergsson	100.000	6,25
Fóðurverksmiðjan Laxá hf.	440791-1749	Gunnar Örn Kristjánsson	100.000	6,25
Rorum ehf.	701014-0810	Þorleifur Eiríksson	100.000	6,25
Egersund Island ehf.	610604-3070	Benedikt E. Stefánsson	100.000	6,25
Efla hf.	621079-0189	Jón Björn Bragason	100.000	6,25
SKELRÆKT, félagasamtök	580602-4520	Elvar Árni Lund	100.000	6,25
Menja ehf.	650184-0259	Árni Ólafsson	100.000	6,25
Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.	630169-2249	Kristján G. Jóakimsson	100.000	6,25
Sjávareldi ehf.	531011-1040	Davíð Kjartansson	100.000	6,25
Stofnfiskur hf.	620391-1079	Jónas Jónasson	100.000	6,25
Mjöll Frigg	430610-0580	Almar Eiríksson	100.000	6,25
Hyndla ehf	640507-2170	Bjarni Bjarnason	100.000	6,25
Íslandsbleikja	610406-1060	Jón Kjartan Jónsson	100.000	6,25
			1.600.000	100,00

Þátttaka laxeldisfyrirtækja á Strandbúnað 2020

Veltum því fyrir okkur hvaða áhrif það getur haft ef enginn mætir frá sumum eða öllum stóru laxeldisfyrirtækjunum. Það hefur vakið athygli mína hve fáir frá laxeldisfyrirtækjum hafa mætt og eflaust eru ýmsar ástæður fyrir því. Það er þó áberandi aukningin í fjölda ráðstefnugesta frá Loxum fiskeldi og Arctic fish árið 2019.

Það að enginn mæti frá laxeldisfyrirtækjum á Strandbúnað 2020 hefur tiltölulega lítil áhrif á heildarfjölda ráðstefnugesta að því gefnu að fleiri aðilar taki ekki sömu ákvörðun. Það er að vísu afleit staða og ósættanleg.

Fyrirtæki eins og Stofnfiskur og Samherji fiskeldi hafa hvert um sig oft sent fleiri starfsmenn á Strandbúnað en öll fjögur stóru laxeldisfyrirtækin samtals. Fjöldi ráðstefnugesta frá Stofnfiski voru t.d. 22 árið 2017, 20 árið 2018 og 27 árið 2019. Það er því ekki að ástæðulausu að ég hef verið að ýta því að ykkur að vera með fleiri málstofur fyrir þennan markhóp, þ.e.a.s. landeldi.

	2017	2018	2019	Samtals
Arnarlax	8	6	8	22
Arctic Fish	2	2	11	15
Fiskeldi Austfjarða	1	3	4	8
Laxar fiskeldi ehf	4	6	15	25
Samtals	15	17	38	
Fj. ráðstefnugesta	260	299	352	
Hlutfall	5,8	5,7	10,8	

Fjárhagsleg staða

Strandbúnaður hefur alltaf verið rekinn með smávegis hagnaði og á að minnsta kosti 2,5 MKR í sjóðum. Upphaflegt hlutfé félagsins var 1,6 MKR. Fyrirtækið getur því vel þolað að veruleg fækkun verði í fjölda þátttakenda á Strandbúnaði 2020 ef lítil mæting verður frá stóru fyrirtækjunum með sjókvíaeldi á laxi. Ef aftur á móti fleiri taka þá ákvörðun að mæta ekki gæti Strandbúnaður komið

verulega laskaður frá Strandbúnaði 2020. Þá er ljóst að Strandbúnaður mun ekki verða rekið á reikning míns fyrirtækis eins og þurfti að gera á fyrstu árum Sjávarútvegsráðstefnunnar. Ef þessi staða kemur upp getur þurft að gera fjárhagslega endurskipulagningu eða leggja félagið niður.

Hverjir velja efnistöð?

Ákveðnir aðilar telja sig þurfa meiri aðkomu að stjórnun Strandbúnaðar. Fram til nú hefur framkvæmdastjóri Landsambands fiskeldisstöðva setið í stjórn Strandbúnaðar og hefur það komið ágætlega út. Val á þeim aðilum sem beðnir hafa verið að setjast nýir í stjórn hefur verið rætt í stjórn Strandbúnaðar og hafa stjórnarmenn síðan tekið að sér að ræða við viðkomandi. Það kann að vera að það vanti þungavigtarmenn frá fiskeldi. Stundum hafa menn verið seinir að koma sér að því að ræða við væntanlega stjórnarmenn og í sumum tilvikum hefur þurft að fá aðra inn rétt fyrir aðalfund. Þessi vinnubrögð þyrfti að bæta og e.t.v. vera með formlega samskipti. Staðreyndin er sú að seta í stjórn er ólaunuð og lítil eftirspurn um að fá sitja í henni. Mest ónægja virðist vera hjá Arnarlaxi og af hverju ekki bjóða fulltrúa frá þeim í næstu stjórn?

Það er fyrst og fremst stjórnin sem velur efnistöð á Strandbúnaði hverju sinni. Þar er aðkoma starfsmanns fyrst og fremst að benda á hvaða efni vantar til að sem flestir markhópar fái eitthvað við sitt hæfi. Hef jafnt komið með tillögur og aðstoðað umsjónarmenn við skipulagningu á málstofum. Til að gæta að því að allar greinar innar strandbúnaðar hefðu aðkomu að vali á efnistöðum er t.d. í samþykktum félagsins að tveir fulltrúar í stjórn séu frá fiskeldi.

Val á fyrirlesurum

Það er fyrst og fremst stjórn Strandbúnaðar sem velur fyrirlesara og yfirleitt og oftast eru valdir aðilar sem viðkomandi stjórnamaður þekkir og treystir. Þetta fyrirkomulag hefur reynst bæði vel hjá Strandbúnaði og Sjávarútvegsráðstefnunni og m.a. tryggt fjölbreytta flóru fyrirlesara. Þegar horft er til baka hafa verið fáir fyrirlesarar frá Arnalaxi og Fiskeldi Austfjarða einhverja hluta vegna. Að vísu kom Arnalax nokkuð sterkur inn á síðasta ári. Vandamálið hjá Arnalaxi er að það er búið að skipta út öllum íslenskum stjórnendum og væntanlega þekkir stjórn Strandbúnaðar ekki erlendu stjórnendurnar, a.m.k. ekki ég og á því erfitt að benda á áhugaverðan fyrirlesara frá þeim. Á þessu væri t.d. hægt að taka ef fulltrúi frá Arnalaxi kæmi í stjórnina á einhverjum tímapunkti. Sama gildir um Fiskeldi Austfjarða.

Nýjar ráðstefnur

Það er viss ónægja á meðal sumra að vera með hlutlausan vettvang eins og Strandbúnað. Slíkur vettvangur setur ákveðnar skorður á framgang sterkra hagsmunaaðila. Það er „pírringur“ hjá sumum hagsmunaaðilum yfir þessari stöðu og á það ekki eingöngu við Strandbúnað. Sú sviðmynd getur því komið upp að hagsmunasamtök fiskeldismanna taki þá ákvörðun að vera með sína eigin ráðstefnu og draga til sín marga styrktaraðila. Staðan getur þá verið sú að ekki verði lengur rekstrargrundvöllur fyrir Strandbúnað og það þyrfti að leggja félagið niður áður en það færi í þrot.

Sviðamyndir

Það sem er rakið hér að ofan er lagt fram til að auðvelda ákvörðunartöku. Mikilvægt er að ákvarðanataka stjórnar taki mið af hagsmunum Strandbúnaðar. Hér að neðan eru settar upp nokkrar sviðsmyndir sem ég er ekki endilega sammála en settar fram til umfjöllunar. Leiðirnar geta verið eftirfarandi:

1. Halda óbreyttri stefnu

Halda því skipulagi sem lagt hefur verið upp með og taka ekkert tillit til athugasemda stóru laxeldisfyrirtækjanna. Það er stjórn Strandbúnaðar sem ákveður efnistöð og hverjir vinna við skipulagningu ráðstefnunnar. Ef fulltrúar stóru laxeldisfyrirtækjanna eru ósátt við það hverjir sitja í

stjórn hafa þau tækifæri að gera breytingu á því á næsta aðalfundi. Þessi ákvörðun mun hafa að öllum líkindum hafa neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar fyrir Strandbúnað en umfangið er óljóst.

2. Reka framkvæmdastjóra

Það er greinilegt að fulltrúar stóru laxeldisfyrirtækjanna er ekki sáttir við framgöngu starfsmanns á öðrum vettvangi utan Strandbúnaðar. Sumir myndi fagna því að starfsmaður væri látinn fara en það myndi væntanlega ekki vera þannig í öllu tilvikum. Það gæti tryggt t.d. aðkomu Arnarlax að Strandbúnaði 2020 en ákvörðunin mynd vera umdeild. Vandamálið er að starfsmaður hefur ekkert brotið af sér í starfi hjá Strandbúnaði þó vissulega séu sumir ekki sáttir um hans vinnu utan félagsins.

3. Stíga til hliðar

Sumir myndu eflaust fagna því að starfsmaður væri ekki á svæðinu þegar Strandbúnaður 2020 verður haldinn 19.-20. mars. Sú framkvæmd er vel gerleg með því skipulagi sem verður á ráðstefnunni. Sú leið verður farin á þessu ári eins og reyndist vel á Sjávarútvegsráðstefnunni 2019 að fyrirlesarar setji sín erindi á skýið. Þar er hægt að fylgjast með hvaða erindi eru komin og sækja þau síðan á skýið inn á ráðstefnutölvu. Framkvæmd Strandbúnaðar er tiltölulega einföld og auðvelt að skipta verkefnum á milli manna.

4. Breytingar gerðar á aðalfundi

Það er hægt að taka á ýmsum málum á næstkomandi aðalfundi Strandbúnaðar, gera þær breytingar á samþykktum sem talið er þörf á s.s. breyta skipulaginu þannig að ekki er þörf fyrir starfsmann (ég er alveg tilbúin að stíga til hliðar á réttum tímapunkti og það gæti hentað vel fyrir mig). Í þeirri vinnu er hætta á að ákveðnir aðilar fari sömu vegferð sem farin var hjá Landssambandi fiskeldisstöðva, þ.e.a.s. yfirtaka á félaginu. Í slíkri stöðu er mun skynsamlegar að leggja niður Strandbúnað og tilteknir hagsmunaaðilar komi á sinni eigin ráðstefnu.

Er að reyna minnka vinnu mína í fiskeldi

Starfsmaður rekur mörg fyrirtæki og er þannig í góðri stöðu að tjá sig og þolir að missa sum verkefni. Sumir eru ekki í þessari stöðu og geta því ekki tjáð sig opinberlega.

Síðustu ár hefur verið stefnan verið að minnka hlutfall minna vinnu í fiskeldi og auka innan sjávarútvegs. Eitt af þeim verkefnum er að losa sig við Strandbúnað. Það sem ég óttast ef ég stíg til hliðar er að félagið þróist frá þeim markmiðum sem lagt var upp með. Það er því spurning um tímasetningu að stíga til hliðar.

Ég hef verulegar áhyggjur af því að allt laxeldi í sjókvíum á Íslandi verði bannað enda framferði forsvarsmanna leiðandi fyrirtækja með ólíkindum. Málið er mjög viðkvæmt með takmarkaðan pólitískan stuðning og eitt stórt áfalla eins og t.d. gerðist í Norður Ameríku gæti orðið þess valdandi að allt sjókvíaeldi á laxi yrði bannað innan tiltekins tíma. Staðreyndin er einnig að umhverfisaðstæður eru erfiðar og samkeppnishæfni slök.

Mér hefur hreinlega ofboðið vinnubrögðin og þess vegna stigið fram. Á tífunda áratuginum skammaðist maður sín fyrir að hafa unnið við laxeldi (Júlíus þekkir þá sögu). Maður er kominn í sömu stöðu í dag.

Viðauki 2. Nýr rekstraraðili

Dags.: 17. mars 2020

Tölvupóstur til stjórnar Strandbúnaðar

Varðandi skipti á rekstraraðila eru tvær leiðir sem helst koma til greina:

Leið 1: Nýr rekstraraðili í vor

- Næstu þrjú mánuði verði unnið að endurskipulagningu er varðar rekstur félagsins, fundinn einn rekstraraðili eða verkefnum dreift á nokkra aðila.
- Starfsmaður mun koma nýjum rekstraraðila eða -aðilum vel inn í starfið á næstu þremur mánuðum.
- Eftir það verði skorið á naflastrenginn og undirritaður mun ekki koma meira að rekstri félagsins.

Stjórnin er að mestu í sjálfböðavinnu og leggjum okkur fram að hún komi sem best út úr þessum breytingum sem eru framundan. Þannig að það sé ljóst þá á undirritaður ekki í illdeilum við stjórn Strandbúnaðar.

Leið 2: Klára rekstrarárið

- Ónægja með skoðanir og skrif undirritaðs munu væntanlega vera meiri í haust en nú er.
- Væntanlega mun fáir eða enginn frá stóru laxeldisfyrirtækjunum í eigu erlenda aðila mæta á ráðstefnuna.
- Þessi leið mun því skapa meiri áskoranir fyrir stjórnina en leið 1.
- Þessi leið er einnig verri að því leiti að erfiðara er fyrir nýjan rekstraraðila að taka við rekstrinum. Í leið 1 er búið að skipuleggja mest allt og þarf eingöngu að koma í framkvæmd.

Viðaukinn var mun lengri, upplýsingar um Strandbúnað sem ekki er viðeigandi að birta hér.

Viðauki 3. Svarbréf til styrktaraðila

Dags.: 30. Janúar 2020

Tölvupóstur til þjónustuaðila og stjórnar Strandbúnaðar

Takk fyrir póstinn og láta vita að þið séuð að skoða málin. Ákvörðunin er ykkar en ég bið ykkur að skoða málið vel áður en ákvörðun er tekin. Reyni að skýra málið hér að neðan sem e.t.v. auðveldar ykkur ákvörðunartöku.

Ég er alveg upptekinn á mánudaginn – miðvikudaginn í næstu viku og mun því vart koma viðbrögð frá mér. Stjórn félagsins fær einnig þennan póst og mæli ég með að þið sendið niðurstöðu ykkar einnig til hennar.

Er verið að misnota Strandbúnað?

Mín skrif og Strandbúnaður eru tvö aðskilin mál. Ef ég hefði verið að nota Strandbúnað í eigin þágu til framdráttar mínum málum, eins og t.d. stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða hjá Landsambandi fiskeldisstöðva þá væri staðan allt önnur. Ef þið teljið að svo sé væri gott að fá ábendingu um það. Þá er hægt að leiðrétta þau mistök a.m.k. fyrir Strandbúnað 2020.

Orðrómurinn

Það er rétt að fulltrúar frá Arnarlaxi og Fiskeldi Austfjarða mæta ekki á Strandbúnaði 2020. Til viðbótar hefur Gunnar Steinn hætt við að taka að sér erindi. Einhverjir eru að skoða málin og aðrir hafa tekið ákvörðun að mæta m.a. með þeim rökum að um sé að ræða tvö aðskilin mál.

Greinaskrif

Það eru skiptar skoðanir um þessi greinaskrif, sumir ánægðir en aðrir mjög ósáttir. Haft skal í huga að það er verið að gangrýna ákveðna aðila innan sjókvíaeldis laxfiska en ekki greinina í heild sinni. Vissulega mun framgangi mín hafa neikvæð áhrif á strandbúnað í heild sinni til skamms tíma þó ekki hafi verið lagt upp með það. Þeir sem nú er ósáttir hafa nú þegar eyðilagt orðspor sjókvíaeldis laxfiska og er í raun ekki miklu við að bæta. Þessi átöku sem hafa staðið yfir í nokkur ár og hafa ekkert með Strandbúnað að gera. Það væri jafnframt mjög óheppilegt að draga þessi átök innan greinarinnar inn í Strandbúnað. Veit ekki til þess að ég hafi dregið mína vegferð sem í raun hófst árið 2016 inn til umfjöllunar í Strandbúnað. Til upplýsinga er samantekt yfir vegferðina frá byrjun ársins 2019 að finna á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Óheppileg staða

Það er óheppileg staða að þurfa að fara að skrifa greinar í fjölmiðla. Ef farið er inn á linkinn hér að ofan má sjá að ýmislegt hefur verið reynt án árangurs og ber að harma það að hafa þurft að fara svo langt með málið. Ég hef reynt að ýta málinu frá mér og láta opinberar stofnanir taka það yfir án árangurs. Staðan er sú að það er alveg ljóst að ég mun halda minni vegferð að fullu kraft fram að næstu alþingiskosningum. Ég mun birta fjórar greinar til viðbótar fram að Strandbúnaði 2020, greinar sem fjalla um vinnubrögðin hjá Starfshópi um stefnumótun í fiskeldi og afgreiðslu málsins í ráðuneytinu og nokkrar greinar um það mál eftir ráðstefnu. Síðan munu vera tekin fyrir fleiri mál s.s. Áhættumat erfðablöndunar lið fyrir lið í fjölmiðlum. Aukinn kraftur verður settur í málið eftir Strandbúnað 2020 m.a. með notkun fleiri miðla.

Hverjir stofnuðu Strandbúnað?

Strandbúnaður er stofnaður af fjölbrettum hópi félaga árið 2016 (sjá töflu). Það sem vekur athygli er að Landssamband fiskeldisstöðva var ekki einn af stofnendum og hluthöfum Strandbúnaðar og jafnframt heldur ekki stóru laxeldisfyrirtækin nema Arctic fish. Það voru ekki allir fullkomlega

sáttir með að Strandbúnaður væri stofnaður. Með stofnun Strandbúnaðar færðust ráðstefnur innan iðnaðarins frá hagsmunasamtökum yfir á hlutlausan vettvang.

Strandbúnaður ehf.				
kt. 551216-0390				
Hluthafalisti 31. desember 2017				
Nafn hluthafa	Kennitala hluthafa	Tengiliður	Hlutfé (ÍSK)	Eignarhlutur (%)
Sjávarútvegsþjónustan ehf.	410699-2269	Valdimar Ingi Gunnarsson	100.000	6,25
Arctic Sea Farm ehf.	700807-0450	Sigurður Pétursson	100.000	6,25
Keynatura ehf.	580914-1280	Sjöfn Sigurgísladóttir	100.000	6,25
Mátis ehf.	670906-0190	Arnþjótur Bjarki Bergsson	100.000	6,25
Fóðurverksmiðjan Laxá hf.	440791-1749	Gunnar Örn Kristjánsson	100.000	6,25
Rorum ehf.	701014-0810	Þorleifur Eiríksson	100.000	6,25
Egersund Island ehf.	610604-3070	Benedikt E. Stefánsson	100.000	6,25
Efla hf.	621079-0189	Jón Björn Bragason	100.000	6,25
SKELRÆKT, félagasamtök	580602-4520	Elvar Árni Lund	100.000	6,25
Menja ehf.	650184-0259	Árni Ólafsson	100.000	6,25
Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.	630169-2249	Kristján G. Jóakimsson	100.000	6,25
Sjávareldi ehf.	531011-1040	Davíð Kjartansson	100.000	6,25
Stofnfiskur hf.	620391-1079	Jónas Jónasson	100.000	6,25
Mjöll Frigg	430610-0580	Almar Eiríksson	100.000	6,25
Hyndla ehf	640507-2170	Bjarni Bjarnason	100.000	6,25
Íslandsbleikja	610406-1060	Jón Kjartan Jónsson	100.000	6,25
			1.600.000	100,00

Umfjöllun um Strandbúnað

Það vekur jafnframt athygli að eini fjölmiðilinn innan fiskeldis þ.e.a.s. Fiskeldisblaðið og Fiskeldisbladid.is hefur ekkert fjallað um Strandbúnað þrátt fyrir að blaðamaður frá miðlinum hafi verið á ráðstefnunni. Útgefandi Fiskeldisblaðsins er Fjölmiðlun ráðgjöf ehf. í samstarfi við Landssamband fiskeldisstöðva. Mér hefur þótt þetta skrítið en það eru e.t.v. augljósar skýringar á þessu.

Þátttaka laxeldisfyrirtækja á Strandbúnað 2020

Það hefur vakið athygli mína hve fáir frá laxeldisfyrirtækjum hafa mætt, sérstaklega frá Arnarlaxi og Fiskeldi Austfjarða miðað við stærð fyrirtækjanna. Það er þó áberandi aukningin í fjölda ráðstefnugesta frá Löxum fiskeldi og Arctic fish árið 2019.

Fyrirtæki eins og Stofnfiskur og Samherji fiskeldi hafa hvert um sig oft sent fleiri starfsmenn á Strandbúnað en öll fjögur stóru laxeldisfyrirtækin samtals. Fjöldi ráðstefnugesta frá Stofnfiski voru t.d. 22 árið 2017, 20 árið 2018 og 27 árið 2019. Þessi fyrirtæki eru hluthafar í Strandbúnaði en það eru ekki Fiskeldi Austfjarða og Arnarlax þó reynt hafi verið tvisvar sinnum að fá þau og fleiri inn í hluthafahópinn.

	2017	2018	2019	Samtals
Arnarlax	8	6	8	22
Arctic Fish	2	2	11	15
Fiskeldi Austfjarða	1	3	4	8
Laxar fiskeldi ehf	4	6	15	25
Samtals	15	17	38	
Fj. ráðstefnugesta	260	299	352	
Hlutfall	5,8	5,7	10,8	

Ég er í lúxus stöðu

Starfsmaður rekur mörg fyrirtæki og er þannig í góðri stöðu að tjá sig og þolir að missa sum verkefni. Flestir aðrir eru ekki í þessari stöðu og geta því ekki tjáð sig opinberlega nema skaða sin rekstur. Sumir eru mjög ósáttir við skrifin að skiljanlegum ástæðum en aðrir mjög ánægðir.

Ég hef ráðlagt þeim sem hafa hagsmuna að gæta í viðskiptum að vera hlutlausir í þessu máli. Það er alveg nóg að hafa einn til að moka flórin. Framganga stjórnarformanna Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða hafa stórskaðað greinina. Mín framganga mun vera neikvæð til skamms tíma en jákvæð þegar horft er til lengri tíma.

Er að auka mína vinnu í sjávarútveginum

Mér hefur hreinlega ofboðið vinnubrögð stjórnarformanna tveggja og þess vegna stigið fram. Á tíunda áratuginum skammaðist maður sín fyrir að hafa unnið við laxeldi. Maður er kominn í sömu stöðu í dag.

Síðustu ár hefur verið stefnan hjá mér að minnka hlutfall minna vinnu í fiskeldi og auka innan sjávarútvegs. Eitt af þeim verkefnum er að losa sig við Strandbúnað. Það sem ég óttast ef ég stíg til hliðar er að félagið þróist frá þeim markmiðum sem lagt var upp með og þau öfl sem eyðulögðu Landssamband fiskeldisstöðva taki yfir. Ég sé hugsanlega tækifæri seinna á þessu ári að losa Strandbúnað út úr mínum fjölbreytta rekstri.

Þá er ég að misnota Strandbúnað

Ef þannig fer að Strandbúnaður 2020 verði lagður niður ef margir styrktaraðilar hætta við þátttöku er það gott fyrir minn málstað, mun fá umtal og verða máli mínu til mikils framdráttar. Þá finnst mér að ég sé að misnota Strandbúnað sem væri mjög óheppilegt og jafnframt komin upp afleit staða fyrir greinina í heild sinni.

Ef þið dragið styrktaraðild ykkar til baka eruð þið í raun að taka afstöðu til málsins – en ákvörðunin er að sjálfsögðu ykkar. Minn rekstur utan við Strandbúnaðar og greinaskrif koma ráðstefnunni ekkert við svo lengi sem þeim er haldið utan félagsins. Framganga mín í fjölmiðlun mun verða eins og lagt var upp með í byrjun þessa árs, það er mín ákvörðun og skiptir þar ekki máli sjónarmið annarra, hvort menn er ósammála eða sammál, eða hvernig málin þróast á næstu mánuðum – Þetta er mín ákvörðun og hef ég fullan rétta að taka hana – Fylgja mínu máli eftir sem í raun hófst árið 2016 en að fullum krafti í byrjun ársins 2019.

Viðauki 4. Vegna nafnbreytingar¹¹⁷

24. apríl 2020

Tölvupóstur til hluthafa og stjórnar Strandbúnaðar

Síðasti aðalfundur Strandbúnaðar ehf. var 22. október 2020 og eftir að hafa kallað eftir fundargerð barst hún til eigenda félagsins þann 4.nóvember 2020. Til upplýsinga fylgir fundargerðin með þessum pósti.

Fyrstu fjögur árin í rekstri Strandbúnaðar var notaður til að byggja upp eigið fé félagsins til að geta mætt áföllum. Það var hvatt til þess að fara í vinnu við að þróa Strandbúnað enn frekar samfara betri fjárhagsstöðu félagsins (það var reyndar gert fyrir Covid-19). Um þetta var rætt á aðalfundi Strandbúnaðar, sjá viðhengi.¹¹⁸

Nafnið

Það sem verið er að gagnrýna er að eigendur hafi ákveðið að breyta nafninu skv. frétt í Morgunblaðinu: „Lagarlíf (áður Strandbúnaður) er nú fimm ára og voru það eigendur og stjórn ráðstefnunnar sem ákváðu að breyta nafni og vörumerki hennar, en nafnið á ensku mun áfram vera Aqua-Ice“.

Mér finnst það almenn kurteisi að tilkynna fyrst eigendum þessa breytingu og e.t.v. spyrja hvað þeim finnst um tillöguna áður en farið var með það í fjölmiðla – Hér er um veigamikla breytingu að ræða sem hugsanlega hefði þurft að samþykkja á aðalfundi eða þá verið æskilegt. Eflaust hefðu flestir eigendur verið jákvæðir ef þeim hefði verið kynnt þessi breyting t.d. í tölvupósti. Fyrir mitt leit finnst mér nafnið ekki skipta máli að öðru leiti en því að flestir séu sáttir við að.

Af hverju hætti fyrrverandi framkvæmdastjóri?

Á síðasta ári hringdi fyrrverandi stjórnarformaður Strandbúnaðar í alla eigendur og ræddi við þá „vandamál“ sem hlytist af þáverandi framkvæmdastjóra – eða ég geri ráð fyrir því að það hafi verið umræðuefnið. Hvað sagði fyrrverandi stjórnarformaður við eigendur? Af hverju kemst Davíð Kjartansson þannig að orði í sínum tölvupósti?

„Núverandi formaður hafði samband við mig þegar þú ákvaðst að hætta sem formaður og minnst ég þess að við vorum bara sammála um að vera ósammála um vissa hluti“.

Um hvað voru þeir ósammál? Það væri gott að fá fram hvort fleiri hafi verið ósammál og um hvað voru menn þá ósammála um?

Af hverju var svo mikilvægt að bola fyrrverandi framkvæmdastjóra frá? Hvað hafði hann gert af sér sem réttlætti það að honum var bolað frá?

Stigið til hliðar

Stjórnarmenn í Strandbúnaðar gefa sína vinnu og mér fannst ekki viðeigandi að setja hana í óþægilega stöðu. Það var því ákveðið að stíga til hliðar. Rekstur Strandbúnaðar hefur alltaf verið erfiður og til að ná endum saman í rekstrinum hefur Sjávarútvegsþjónustan (mitt félag) þurft árlega borga með rekstrinum sérstaklega á fyrstu árunum. Það stóð því til að losa sig við rekstur Strandbúnaðar. Heppilegra hefði þó verið að það hafi gerst við aðrar aðstæður og fyrrverandi framkvæmdastjóri hefði verið kvaddur með þökk fyrir gott og vel unnið starf til fimm ára við rekstur á Strandbúnaði. Án

¹¹⁷ 24. apríl 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

¹¹⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Aalfundur-Strandbnaar-2020.pdf>

míns frumkvæði hefði félagið ekki verið stofnað – Það voru heldur ekki allir alvega sáttir að þessi vettvangur væri stofnaður, en þrátt fyrir það var Strandbúnaður stofnaður.

Ekki blanda núverandi stjórn í þessar deilur

Það er ennþá inn á vef Strandbúnaðar nöfn stjórnarmanna fyrrverandi stjórnar. Í fundargerð kemur þó fram nöfn á fjórum stjórnarmönnum og fá þeir þennan póst. Skv. samþykktum félagsins eiga að vera sex stjórnarmenn – Hverjir eru þeir tveir sem vantar upp á í stjórnina? Hver er formaður stjórnar félagsins í dag?

Sem einn af núverandi eigendum Strandbúnaðar legg ég til að núverandi framkvæmdastjóri taki saman greinagerð um aðdraganda og framkvæmd þess að fyrrverandi framkvæmdastjóra var bolað frá, kynni fyrir stjórn Strandbúnaðar og sendi einnig greinagerðina til allra eigenda félagsins. Mikilvægt að núverandi stjórn þurfi ekki að vinna mikið með fortíðarvandamál og geti að heilindum og fullum krafti unnið við áframhaldandi uppbyggingu á félaginu.

Viðauki 5. Rekstraraðila svarað¹¹⁹

Dags.: 27. apríl 2021

Tölvupóstur til hluthafa og stjórnar Strandbúnaðar

Mæti ekki á ráðstefnuna

„Það var hins vegar alveg á hreinu, og þú marglýstir því yfir að þú ætlaðir ekki að koma nálægt ráðstefnunni og alls ekki að mæta á hana“. Sjálfsögðu mæti ég ekki á ráðstefnuna enda óvelkominn. Sjávarútvegsþjónustan mætir þó á aðalfundinn enda einn af hluthöfum og veit ekki til að búið sé að afskrá félag mitt af hluthafaskrá Strandbúnaðar.

„Vænisýki“

„Ég ráðlegg þér að leita þér hjálpar varðandi þessa vænisýki, enda veldur hún þér bara óþarfa vanlíðan“. Ekki veit ég hvort mín framganga flokkist undir „vænisýki“, en sjálfsagt þarf maður að vera smá skrytinn að ganga á móti strauminum og benda á spillingu. Skilgreiningin á vænisýki (einnig kallað ofsóknarbrjálæði, -æði, -kennd, -sýki) er geðsjúkdómur, sem einkennist af ranghugmyndum, kvíða og ótta – Er það þannig? En höldum okkur við málefnið, en missum okkur ekki í orðræðu um „meinta veikleika“ ákveðinna aðila. Strandbúnaður er hluti af stærra máli í minni gagnrýni að aðdraganda og gerð laga um fiskeldi og er yfirlit að finna á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Að valda tjóni

„Þú hefur valdið mér miklu tjóni með því að blanda hluthöfum í þessi átök þín“. Mér þykir það mjög miður og harma það – en það eru nú hluthafar sem eiga félagið og eiga að ráða ferðinni. En hvaða tjón er búið að valda mér? Manninum sem hafði frumkvæði að stofnum Strandbúnaðar og rak félagið með miklum ágætum í um fimm ár – Á síðasta ári bolað út vegna þess að hafa skoðun á málum og benda á spillingu – Ekki þakkað fyrir gott starf í þágu Strandbúnaðar til fimm ára, bara hent út eins einhverri „druslu“ sem brotið hafi alvarlega af sér í starfi fyrir félagið.

Stöndugir aðilar

„Ég ætla að vinna með laxeldismönnum, er reyndar ekki byrjaður að ræða málin við þá, enda vildum við klára nafnabreytingar og útlit áður en það væri gert. Ráðstefnan verður ekkert án aðkomu þessara stóru stöndugu aðila, enda var það ástæðan fyrir brotthvarfi þínu að gera það mögulegt“.

Hér verður að upplýsa núverandi framkvæmdastjóra:

- **Ekki hluthafar:** Af stóru stöndugu laxeldisfyrirtækjunum er aðeins Arctic fish hluthafi – Af hverju eru ekki stóru stöndugu laxeldisfyrirtækin hluthafar? Verður breyting á því þegar búið er að losa sig við fyrrverandi framkvæmdarstjóra?
- **Engir styrkir:** Stóru laxeldisfyrirtækin hafa ekkert styrkt ráðstefnuna, samt var hún rekin með hagnaði öll heilu rekstrarárin - Hvernig var það hægt án aðkomu stóru stöndugu laxeldisfyrirtækjanna? – Koma stóru laxeldisfyrirtækin nú með fjármuni í félagið vegna þess að það er búið að losa sig við fyrrverandi framkvæmdastjóra? Þá er jafnframt spurningin, var vegið að stóru stöndugu laxeldisfyrirtækjunum á fyrri ráðstefnum Strandbúnaðar? Notfærði fyrrverandi framkvæmdastjóri sína stöðu til að vega að stóru stöndugu laxeldisfyrirtækjunum í starfi sínu fyrir Strandbúnað?
- **Mættu illa:** Það er einnig bent á að það voru mjög fáir sem mættu á ráðstefnuna frá stóru stöndugu laxeldisfyrirtækjunum. Af hverju var það þannig? Á sama tíma var t.d. mjög góð mæting frá Stofnfiski og Íslandsbleikju og þau fyrirtæki studdu jafnframt ráðstefnu með að vera hluthafar og veita styrki (fengu m.a. aðgangsmiða sem ávinning).

¹¹⁹ 27. apríl 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

Er þetta virkilega svona?

„Ráðstefnan verður ekkert án aðkomu þessara stóru stöndugu aðila, enda var það ástæðan fyrir brotthvarfi þínu að gera það mögulegt“. Hafa menn verið að ljúga að fyrrverandi framkvæmdastjóra um ágæti þeirra ráðstefna sem Strandbúnaður hefur haldið undanfarin ár? - Og meira segja rekið með hagnaði öll heilu árin sem fyrrverandi framkvæmdastjóri sá um reksturinn án þess að stóru stöndugu laxeldisfyrirtækin legðu neitt af mörkum.

Hverjir vildu losa sig við fyrrverandi framkvæmdarstjóra?

Þeirri spurningu hefur ekki verið svarað, hverjir vildu losna sig við fyrrverandi framkvæmdastjóra? Hvaða aðilar og fyrirtæki þrýstu á fyrrverandi stjórnarformann og stjórn Strandbúnaðar að losa sig við fyrrverandi framkvæmdarstjóra. Sjávarútvegsþjónustan sem einn af hluthöfum Strandbúnaðar hefur farið fram á í fyrri tölvupósti að núverandi framkvæmdastjóri taki saman greinagerð um aðdraganda og framkvæmd þess að fyrrverandi framkvæmdastjóra var bolað frá, kynni fyrir stjórn Strandbúnaðar og sendi einnig greinagerðina til allra eigenda félagsins.

Hvað segja hluthafar?

Sjálfsgagt verður það í þessu máli eins og í öðrum varðandi gagnrýni mína að þögnin færa að hljóma og njóta sín. Það hafa komið smá viðbrögð frá tveimur hluthöfum Strandbúnaðar – En hvað segja aðrir hluthafar? Þarf ég einn að standa í því að „moka í fjóshauginn“? Varðandi þetta mál og önnur um gagnrýni mín hafa margir haft samband og tekið undir með mér en leggja ekki í að stíga fram og taka undir minn málflutning opinberlega. Ég mun halda áfram að vinna markvist í málinu og stækka hópinn til að þrýsta á framvindu í málinu. Það má ekki gerast að stóru stöndugu laxeldisfyrirtækin taki ráðstefnu yfir eins gerðist í tilfelli Landsambands fiskeldisstöðva og virðist einnig hafa gerst í tilfelli sjávarútvegsráðuneytis í upphafi hagsmunapotsins.

Þöggun

Framgangan gagnvart mér flokkast undir þöggun sem er kerfisbundin aðferð til að koma í veg fyrir að fólk tjái skoðanir sínar. Forsvarsmenn ákveðinna laxeldisfyrirtækja í meirihluta eigu erlendra aðila náðu miklum fjárhagslegum ávinningi með setningu laga um fiskeldi, enda höfðu þeir markvisst unnið að því í nokkur ár. Búið er að ná ávinninginum með setningu laga um fiskeldi og viðfangsefnið er að þagga niður í þeim sem eru með „óþægilegar skoðanir“ og benda m.a. á að þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð flokkist undir að „fanga ríkisvaldið“ (e. State capture). Strandbúnaður er að vísu samtök sem eru mikilvæg í þöggunarferlinu. Þöggunin felst m.a. í að bola fyrrverandi framkvæmdastjóra út úr Strandbúnaði.

Koma sínum mönnum fyrir

Eitt af því sem er mikilvægt í hagsmunagæslu er að koma sínum mönnum fyrir. Það má vera ljóst að með að losa við fyrrverandi framkvæmdastjóra og koma í starfið nýjum framkvæmdastjóra er verið að koma fyrir manni sem hugnast stóru stöndugu laxeldisfyrirtækjunum. Manni sem getur talað þeirra máli sérstaklega og tryggt þeirra hagsmuni. Þetta er í sjálfum sér ekkert nýtt og má benda á að ritari nefndar um stefnumótun í fiskeldi var starfsmaður stjórnarformanns Arnarlax og hafði aðsetur í ráðuneytinu.

Mér þykir það ákaflega leitt

Eins áður hefur komið fram í tölvupóstum, þykir mér leitt hvernig gengið er fram gagnvart fyrrverandi stjórnarformanni Strandbúnaðar. Því miður er hann einn þeirra sem hefur verið misnotaður af forsvarsmönnum stóru stöndugu laxeldisfyrirtækjanna – Hann er því fórnarlamb í málinu að mínu mati eins og sumir aðrir. Stjórnarformaður Strandbúnaðar hringdi í mig í gær og upplýsti um þá tvo aðila í stjórn sem mig vantaði og er þeim nú bætt á þennan lista.

Viðauki 6. Kynningarfundur Matís¹²⁰

Dags.: 6. júní 2021

Tölvupóstur til hluthafa og stjórnna Strandbúnaðar

Jæja, engin viðbrögð við pósti frá 5. maí til stjórnar Strandbúnaðar en þar var farið fram á eftirfarandi (fylgiskjal 1):¹²¹

- Gerð verði skrifleg greinagerð fyrir aðdraganda og framkvæmd þess að undirrituðum var bolað frá sem framkvæmdarstjóri Strandbúnaðar og ekki minnst raunverulegum ástæðu þess.
- Stjórn Strandbúnaðar sendi frá sér fréttatilkynningu þar sem undirritaður er beðinn afsökunar á þeim mistökum sem hafa verið gerð og í tilkynningunni verði rakin ástæða þess að honum var bolað frá.

Í þessum pósti er hópurinn stækkaður og allir þeir aðilar sem hafa setið í stjórn Strandbúnaðar bætt við á póstlistann að þessu sinni. Þetta mál er lítil hluti af stærra máli og nánari upplýsingar er að finna á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Það ber að harma það að Strandbúnaður eða Lagarlíf sé orðinn hluti af þessu máli. Það er verð að benda á spillingu innan greinarinnar og þeim sem það gerir er refsað en aðilum sem beita aðferðafræðinni að „fanga ríkisvaldið“ (e. state capture) er hampað – **Hér er vettvangurinn kominn á hættulega braut.**

Hvert er Strandbúnaður að fara?

Á kynningarfundu Matís „Rannsóknir og nýsköpun fyrir fiskeldi framtíðar“ koma málefni

Strandbúnaðar/Lagarlíf til tals: <https://matis.is/vidburdir/rannsoknir-og-nyskopun-fyrirfiskeldi-framtidar/>

Það sem er athyglisvert að þar kemur fram:

- Það kom upp mál á síðasta ári að fyrrverandi framkvæmdarstjóri Strandbúnaðar þurfti skyndilega að hætta.
- Matís tók af sér framkvæmdarstjórn í neyð.
- Matís sá í þessu tækifæri til að auka samstarf við aðila sem eru í eldi og ræktun.

Staðreyndin er sú að Matís yfirtók ráðstefnuna til að skapa fyrrverandi stjórnarformanni Strandbúnaðar verkefni og nota vettvanginn til að markaðssetja félagið innan greinarinnar til fjárhagslegs ávinnings – **Hér er opinbert hlutafélag komið á hættulega braut og ekki minnst fyrir að vera þátttakandi í þöggunarferlinu.**

Fram kemur á kynningarfundinum að Matís tók að sér framkvæmdastjórn Strandbúnaðar í neyð – var það svo? – **Höfðu ekki aðrir áhuga að taka að sér flott verkefni og jafnvel innan þáverandi stjórnar Strandbúnaðar?**

Fram kemur á kynningarfundinum að fyrrverandi framkvæmdastóri þurfti skyndilega að hætta – Hér má e.t.v. túlka það sem fram kom að framkvæmdastjórinn hafi brotið eitthvað af sér í garð félagsins. Það hefði verið heppilegra á þessum fundi að nefna nafn fyrrverandi framkvæmdastjóra, **en hans nafn er Valdimar Ingi Gunnarsson**, og þakka honum fyrir frábært starf í þágu félagsins undanfarin ár og þannig komið í veg fyrir mistúlkun á því sem fram kom á kynningarfundinum.

¹²⁰ 6. júní 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

¹²¹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-2.-Stjrn-Strandbnaar.pdf>

Hvað var sagt og verður sagt?

Á síðasta ári var hringt í alla eigendur Strandbúnaðar af þáverandi stjórnarformanni félagsins. Ekki veit ég hvað kom fram í þessum samtölum en fjórir eigendur Strandbúnaðar hafa haft samband og verið undrandi yfir framganginum. Mér finnst viðbrögð annarra eigenda Strandbúnaðar athyglisverð, en þau hafa fram að þessu engin verið. Það kann að vera að sumir eigendur hafi ekki þor og dug að stíga fram af ótta við fjársterkra leiðandi aðila í greininni. Það hafa allmargir sem ekki tengjast beint Strandbúnaði haft samband við mig, lýst óánægju sinni og tekið undir mína gagnrýni án þess að leggja í það að stíga fram. Ef menn leggja ekki í að svara þessum tölvupósti eða nota aðrar áberandi leiðir er t.d. hægt að hringja í mig – **Símanúmer er 695-2269**. Svo er einnig hægt að nota samskipti í gegnum messenger á Facebook sem sumir gera. Þó að framganga mín í þessu spillingarmáli, sem Strandbúnaður hefur dregist inn í, reynist mér ekki erfið þar sem um góðan málstað er að ræða – ***Er þó alltaf gott fá klapp á bakið og hvatningu.***

Hefur starfsmaður verið að misnota sína aðstöðu?

Það er athyglisvert að á 21. öld að opinber gagnrýni í **eigin nafni** á ófagleg vinnubrögð og spillingu sé refsiverð. Undirritaður hefur aldrei notað Strandbúnað til að koma sínum skoðunum á framfæri í gegnum ráðstefnuna. Bent hefur verið á ákveðin málefni og fyrirlesara til að fjalla um og jafnframt varað við ákveðnum efnistöfum, en það hefur verið stjórnin sem tekið hefur endanlega ákvörðun. Þessi póstur er sendur til allra þeirra sem hafa setið í stjórn Strandbúnaðar og ef þeir eru á annarri skoðun væri gott að fá það fram.

Hvert eru menn að fara?

Framgangan gagnvart undirrituðum flokkast undir þöggun sem er kerfisbundin aðferð til að koma í veg fyrir að fólk tjái skoðanir sínar. Strandbúnaður ætti að vera hlutlaus vettvangur þar sem menn geta tjáð skoðanir sínar bæði utan og innan án þess að vera refsað. Það er full ástæða fyrir eigendur og stjórn Strandbúnaðar og aðra innan greinarinnar að íhuga hvert félagið stefnir. Með hugsanlegri yfirtöku laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila á ráðstefnunni er hætt á einhæfum málflutningi, fagleg umræða og gagnrýni verði þöggud niður.

Er hætt á yfirtöku?

Ef fjársterkir hagsmunaaðilar ná yfirtöku á félaginu er sú hættu fyrir hendi að þeir noti félagið sér til framdráttar á kostnað annarra. Undirritaður hefur verið að gagnrýna forsvarsmenn laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila sem yfirtöku Landsamband fiskeldistöðva í sinni vegferð að ná miklum fjárhagslegum ávinningi. Jafnframt hafa þeir misnotuðu opinbera starfsmenn eins og fram kemur í síðustu grein minni (fylgiskjal 3).¹²² ***Það sama er að gerast í tilfelli Strandbúnaðar sem er hluti af þöggunarferlinu og vistað hjá opinberu hlutafélagi, Mátis.***

Mæti ekki á Strandbúnað

Mitt nafn hefur aldrei verið notað til að kynna Strandbúnaðar út á við. Það hafa formenn félagsins fengið að njóta sem umbun fyrir þeirra framlag. Framkvæmdastjórinn hefur eingöngu verið sýnilegur á ráðstefnunni sjálfri og í tölvupóstsamskiptum. Þegar mér var bolað frá kom fram að ekki yrði mætt á ráðstefnuna Strandbúnað enda þar óvelkominn. Jafnframt gæfist þá starfsmönnum laxeldisfyrirtækja tækifæri að mæta á ráðstefnuna án þess að mæta þeim aðila sem hefur verið að gagnrýna þeirra yfirmenn fyrir spillingu. Þetta er mitt framlag til að laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila geti sent sitt ágæta starfsfólk á ráðstefnuna. Jafnframt einnig til að minna menn á hvernig hefur verið unnið í þessu máli og áminning um að vanda þurfi betur til verka í framtíðinni.

¹²² <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/07/10.-Morgunbladid-2021-05-19.pdf>

Að lokum

Staða var sú fyrrihluta síðasta árs að stjórnin vildi losna við fyrrverandi framkvæmastjóra. Í fylgiskjali 2 er ein af fundagerðum stjórnar Strandbúnaðar, rituð af einum stjórnarmanni. Ef fyrrverandi framkvæmdastjóri hefði verið með slæman viðskilnað væri að honum sótt og þá með réttu. Það var því reynt eftir fremsta megni að skila vel af sér rekstrinum og m.a. gert bráðabrigðauppgjör (fylgiskjal 4). Jafnframt var sagt að málinu væri ekki lokið. Það á eftir að eiga sér stað samtal næstu mánuðum og jafnvel árum, en því miður er Strandbúnaður hluti af einu stærra spillingarmáli. Vonum að ekki verði eingöngu um eintal að ræða. Það er óheppilegt að vettvangurinn beiti sömu aðferðafræði eins og almennt er notað í þessu máli að svara engu sem er þó vissulega besta leiðin þegar menn hafa ekki góðan málstað að verja.

Viðauki 7. Matís svarað¹²³

Dags.: 8. júní 2021

Tölvupóstur til hluthafa og stjórnna Strandbúnaðar

Takk fyrir að svara tölvupósti mínum – Það verður þá ekki um eintal að ræða í þessu máli en fyrir það er ég þakklátur. Það er hollt fyrir okkur og Strandbúnað að taka rökræðu um ástæður þess að undirrituðum var bolað frá og hvernig staðið hefur verið að kynningum eftir brotthvarf mitt.

Staða Matís í þessu máli

Fram kemur í pósti forstjóra Matís „*Matís hefur ekkert vald í þessu máli og stýrir ekki umræddu félagi*“. Það er að hluta til rétt, en félagið er flækt inn í þöggunarmál sem er ekki gott út á við fyrir þá umræðu sem er framundan. Starfsmaður Matís, fyrrverandi stjórnarformaður Strandbúnaðar koma með félagið inn í rekstur opinbers hlutafélags (Matís) þar sem markmiðið var augljóslega þöggun. Kynningar Matís sem rekstraaðili Strandbúnaðar eftir brotthvarf mitt vekur spurningu um heilindi í minn garð.

„*Ekkert vald á þessu máli*“ – En hvað kom fram á kynningarfundi Matís? Það er ástæða að ítreka það sem fram kom á kynningarfundi Matís frá 17. maí í styttri útgáfu:

- **Purfti að hætta:** *Fyrrverandi framkvæmdarstjóri Strandbúnaðar þurfti skyndilega að hætta* – Hér má mistúlka að framkvæmdarsjórinn hafði brotið eitthvað af sér í garð félagsins. Af hverju þakkar Matís ekki fyrir að taka við góðu búi og lætur fram koma ástæðu þess að framkvæmdastjóranum var bolað frá?
- **Tók við í neyð:** *Matís tók að sér framkvæmdarstjórn í neyð*. Hvaða neyð var þetta? Höfðu ekki aðrir áhuga á að taka að sér reksturinn – var það kannað?
- **Til fjárhagslegs ávinnings:** *„Til að auka samskipti við eldis- og ræktunargreinar hefur Matís tekið að sér framkvæmdarstjórn fyrir Lagarlíf (áður Strandbúnaður)....“* Staðreyndin er sú að Matís yfirtók ráðstefnuna til að skapa fyrrverandi stjórnarformanni Strandbúnaðar verkefni og nota vettvanginn í sína þágu. Var þetta markmiðið með stofnun Strandbúnaðar að opinbert hlutafélag notaði vettvanginn til markaðssetningar á Matís til fjárhaglegan ávinnings?

Matís stýrir upplýsingargjöf til iðnaðarins. Opinbert hlutafélag er því þátttakandi á villandi málflutningi af ástæðum þess að fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar var bolað frá og hefur þannig heilmikið vald í þessu máli sem þátttakandi í þöggunarmáli.

Bolað út úr Strandbúnaði

„Strandbúnaðarmálið“ er aðeins lítil hluti af stærra máli og vísa ég aftur til slóðarinnar:

<https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Það hefur ýmislegt verið gert til að reyna að stoppa mig af við opinbera gagnrýni á vinnubrögðunum við undirbúning og gerð laga um fiskeldi, s.s. með hótunum. Í því sambandi má benda á skeytasendingu frá stjórnarformanni Arnarlax „*Þetta hefur eftirmála*“ og eitt af því er eflaust að bola mér út úr Strandbúnaði. Þetta var gert þegar undirritaður gerði „hógværa“ athugasemd við frumvarpa að lögum um fiskeldi snemma á árinu 2019 – Þá hafa menn eflaust haft í auglýsingu tugmilljarða hagnaðarvon sem hefur náðst með að beita aðferðafræðinni „*að fanga ríkisvaldið*“. Um þetta verður fjallað í næstu grein minni sem verður send til ykkar í tölvupósti

¹²³ 8. júní 2021: <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/1.-Tlvupstar-vegna-Strandbnaar-22.4-8.06.2021.pdf>

fljótlega eftir að hún birtist. Ég hef fylgst með og sett mig vel inn í þetta mál og tel mér skylt að vinna á móti spillingu.

Hver ætlar að upplýsa um ástæður þess af fyrrverandi framkvæmdastjóra var bolað frá?

Þess hefur verið óskað að stjórn Strandbúnaðar geri grein fyrir eftirfarandi:

- Gerð verði skrifleg greinagerð fyrir aðdraganda og framkvæmd þess að undirrituðum var bolað frá sem framkvæmdarstjóri Strandbúnaðar og ekki minnst raunverulegum ástæðu þess.
- Stjórn Strandbúnaðar sendi frá sér fréttatilkynningu þar sem undirritaður er beðinn afsökunar á þeim mistökum sem hafa verið gerð og í tilkynningunni verði rakin ástæða þess að honum var bolað frá.

Þessu hefur ekki verið svarað – ***Það er einfaldlega verið að fara fram að gert verði opinbert hverjir vildu losna við fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar og af hverju*** – Ef Strandbúnaður er ekki tilbúinn að gera það mun undirritaður að sjálfsögðu gera það samhliða að almennt verður farið yfir hvernig þöggun hefur verið beitt í þessu spillingarmáli.

Hluthafafundur

Fram kemur í tölvupósti forstjóra Matís: „*Þannig getur hluthafi ekki gert kröfu um að stjórn geri eitthvað nema því aðeins að málið sé tekið fyrir á hluthafafundi þar sem síðan er greitt atkvæði um þá tillögu sem þar er borin fram“ (í þessu tilviki væri sú tillaga að fela stjórn rannsókn...)*. Það er sjálfsagt að taka hluthafafund ef menn telja að eitthvað gagn sé í því. Eðlilegt næsta skref er þó að stjórn Strandbúnaðar svari beiðni minni í bréfi frá 5. Maí (fylgiskjal 1).¹²⁴ Ef stjórnin er ekki tilbúin að gera það þá væri gott að fá ástæður þess. Við skulum vera hreinskilnir og horfa raunhæft á stöðuna. Til hvers að halda hluthafafund, það er ljóst að undirritaður mun ekki fá stuðning, þeir sem vildu styðja mig munu ekki þora stíga fram eins og almennt er í þessu stóra spillingarmáli sem Strandbúnaður lítill hluti af því miður. Í sumum tilvikum eru hluthafar fjárhagslega háðir þeim sem verið er að gagnrýna og hef ég fullan skilning á því að þeir vilji ekki stíga fram opinberlega.

Ég fer ekki þá leið að hringja í einstaka hluthafa og biðja um stuðning eins og sumir gera. Fylgi þeirri línu sem lagt var upp með í byrjun árs 2019, þ.e.a.s. kem ekki til með að eltast við einstaka hluthafa Strandbúnaðar, stjórnarmálamenn eða fjölmiðla til að ná framgangi í mitt mál. Ég kem til með að beita áfram pennanum fram að næstu kosningum, upplýsa og óska eftir opinberri rannsókn.

Á ágætum fundi mínum með núverandi stjórnarformanni var bent á að það ætti að kalla eftir fleiri hluthöfum eins og var samþykkt á síðasta aðalfundi Strandbúnaðar og þar munu eflaust stóru laxeldisfyrirtækin koma stert inn. Ágætu félagar, staða þess sem hafði frumkvæði að stofnun Strandbúnaðar og lagi mikla vinnu og fjármuni í að gera vettvanginn að veruleika, er ekki sterk. Þannig að það sé ljóst þá mun ég ekki erfa þetta við neinn sem hefur komið að uppbyggingu Strandbúnaðar og vonandi verður gott samstarf á öðrum vettvöngum. Meðvirknin, hræðslan og máttur peninganna er bara svona mikill. Mitt mat er að sú hugmyndafræði sem var lagt upp með við stofnun Strandbúnaðar sé ekki lengur til staðar, því miður.

¹²⁴ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-2.-Stjrn-Strandbnaar.pdf>

Að lokum

Undirritaður hefur ekki haft miklar væntingar um viðbrögð hvorki frá Strandbúnaði eða Matís. Það getur varla verið eðlilegt að opinbert hlutafélag sé þátttakandi í að hylma yfir eðlilega og réttmæta gagnrýni á spillingu, með því að taka við rekstri og vista Strandbúnað innan stofnunar og vera þátttakandi í þöggunarferlinu. Undirritaður gerir verulegar athugasemdir við vinnubrögð starfsmanns Matís sem nú er framkvæmdastjóri Strandbúnaðar eins og fram hefur komið í fyrri tölvupóstum. Það er skynsamlegt að yfirstjórn opinbers hlutafélags íhugi stöðu Matís í þessu máli.

„Strandbúnaðarmálið“ mun að sjálfsögðu á engan hátt hafa áhrif á vegferð mína að reyna upplýsa stóra spillingarmálið innan atvinnugreinarinnar og hamra áfram á því að fram fari opinber rannsókn. Ég mun að sjálfsögðu senda þessum stækkandi hópi allar greinar mínar fljótlega eftir að þær birtast.

Viðauki 8. Vinnubrögðin og aðalfundur Strandbúnaðar¹²⁵

Dags.: 07.10.2021

Fjöldapóstur

Aðalfundur Strandbúnaðar verður haldinn föstudaginn 29. Október, klukkan 15:30. Sjávarútvegsþjónustan ehf. sem er einn af hluthöfum Strandbúnaðar óskar eftir að tvö mál verði tekin undir sérstökum lið eða undir liðnum önnur mál á aðalfundi Strandbúnaðar.

Mál 1: Kallað eftir formlegt svar við bréfi til stjórnar Strandbúnaðar

Þann 5. maí 2021 sendi Sjávarútvegsþjónustan ehf. beiðni til stjórnar Strandbúnaðar þar sem m.a. var farið fram á að „Núverandi framkvæmdastjóri verði látin taka saman greinagerð um aðdraganda og framkvæmd þess að undirrituðum var bolað frá, kynni fyrir stjórn Strandbúnaðar og sendi einnig greinagerðina til allra eigenda félagsins. Í greinagerðinni komi vel fram raunverulegar ástæður þess að fyrrverandi framkvæmdastjóra var bolað frá“ (fylgiskjal 1). Þrátt fyrir ítrekanir hefur beiðninni ekki verið svarað. Farið er fram á að gerð verði grein fyrir því á aðalfundi Strandbúnaðar af hverju beiðninni hefur ekki verið svarað og það færst til bókar í fundagerð aðalfundarins.

Mál 2: Kynningarfundur hjá Matís

Eftir að hafa verið bolað frá sem framkvæmdastjóra Strandbúnaðar voru ekki glæsilegar kveðjur frá opinberum starfsmanni í opinberu hlutafélagi á kynningarfundum hjá Matís þann 18. maí:

<https://matis.is/vidburdir/rannsoknir-og-nyskopun-fyrir-fiskeldi-framtidar/>

Að þessu sinni er farið fram á að gert verði grein fyrir hvað er átt við með eftirfarandi (fylgiskjal 2):

- „Fyrrverandi framkvæmdastjóri Strandbúnaðar þurfti skyndilega að hætta“
 - Braut fyrrverandi framkvæmdastjóri af sér gagnvart félaginu sem réttlæti að honum var bolað frá?
 - Ef ekki hver er þá raunveruleg ástæða þess að fyrrverandi framkvæmdastjóra var bolað frá?
- „Matís tók að sér framkvæmdarstjórn í neyð“.
 - Gerð verði grein fyrir hver þess neyð var?

Farið er fram á að þessum spurningum verði svarað á aðalfundi Strandbúnaðar og svörin færið til bókar í fundargerð.

Svörin (eða engin svör) verða notuð sem heimild í greinagerð þar sem tekið verða fyrir spillingarmál í fiskeldi á Íslandi og birt verður á næsta ári.

¹²⁵ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/10.-Tlvupstar-7.-oktber-2021.pdf>

Viðauki 9. Ólígarkar, Strandbúnaður/Lagarlíf og þöggunin¹²⁶

Dags.: 27.10.2021

Fjöldapóstur

Ráðstefnan Lagarlíf verður haldin, 28. - 29. október á Grand Hótel Reykjavík. Þetta er mikilvægur vettvangur fyrir fiskeldi, skeldýrarækt og þörungurækt ef menn gæta að því að vinna faglega og vettvangurinn verði hlutlaus.

Ólígarkar, Strandbúnaður og þöggunin

Það er ólíðandi og óþolandi eftir að ólígarkar voru búnir að vasast í stefnumótun stjórnvalda sjálfum sér til fjárhagslegs ávinnings vasast þeir í framhaldinu í málefnum Strandbúnaðar til að stuðla að því að eðlileg og fagleg gagnrýni **í mínu nafni** sé þöggud niður. Þeirra þrýstingur, beint og óbeint, hefur verið þess valdandi að undirritaður þurfti að stíga til hliðar sem framkvæmdastjóri Strandbúnaðar. **Málið snýst ekki endilega um undirritaðan heldur um aðferðafræðina um hvernig ólígarkar fá að ná sínu fram.** Áður voru sömu aðilar búnir að eyðileggja samtökin Landssamband fiskeldisstöðva. Hve langt ætlum við að láta ólígarkana komast? – Hvenær ætlum við að stoppa þá af?

Kynningarfundur hjá Matís

Það voru ekki glæsilegar kveðjur frá opinberum starfsmanni í opinberu hlutafélagi á kynningarfundum Matís þann 18. maí 2021 til fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar sem hafði frumkvæði að stofnun vettvangsins, rekið af miklum glæsibrag allt frá árinu 2016 og meira að segja með hagnaði öll heilu rekstrarárin. Mæli með að menn ræði og leyti skýringa á eftirfarandi, sem fram kom á kynningarfundinum, í samtali manna á milli sem er svo mikilvægur liður á öllum ráðstefnum:

- „Fyrrverandi framkvæmdastjóri Strandbúnaðar þurfti skyndilega að hætta“
- „Matís tók að sér framkvæmdastjórn í neyð“.

Hvað ætli fyrrverandi framkvæmdastjóri hafði eiginlega brotið af sér?

Slóð: <https://matis.is/vidburdir/rannsoknir-og-nyskopun-fyrir-fiskeldi-framtidar/>

Hann bara fór (Strandbúnaður)

Með fundarboði á aðalfundi Strandbúnaðar næstkomandi 29. október fylgir með greinagerð núverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar (fylgiskjal 1).¹²⁷ Fram kom að greinagerðin væri á ábyrgð framkvæmdastjórans en ekki stjórnar Strandbúnaðar. Undirritaður er búinn að svar þessu a.m.k. að mestu í fyrri tölvupóstum hér að neðan. Sjá einnig fylgiskjöl 2¹²⁸ og 3.¹²⁹

Það ber að áréttu að fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar, sem þetta ritar, var hvorki sagt upp eða hann sagði upp enda er sú uppsögn ekki til. Fyrrverandi framkvæmdastjóri bauðst ekki til að segja af sér, hann einfaldlega „bara fór“, enda var staðan orðin þannig að það var ekkert bakland lengur og deilufnið stóð í raun ekki við stjórnina heldur ólígarkarna. Það var farin sú leið að skila vel af sér félaginu, leiðbeindi um framhaldið sbr. fylgiskjal 1 og fyrrverandi framkvæmdastjóri „bara fór“, það var í raun ekkert annað í stöðinni. Það má einnig komast þannig að orði að honum hafi verið hent út eins og einhverri „druslu“ og ekki einu sinni þakkað fyrir frábært starf fyrir Strandbúnað. Ef það hefði ekki verið góður viðskilnaður hefði að mér verið sótt og þá með réttu.

¹²⁶ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/14.-Tlvupstur-27-oktber.pdf>

¹²⁷ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Greinager-Gunnars-og-fundagerir.pdf>

¹²⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-2-Stirn-Strandbnaar.pdf>

¹²⁹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-3-Kynningarfundir-Mats.pdf>

Sjávarútvegsþjónustan (mitt fyrirtæki) sem einn af hluthöfum Strandbúnaðar er áfram tilbúið að leiðbeina stjórn félagsins um þær breytingar sem þurfa að eiga sér stað.

Hann bara fór (atvinnugreinin)

Undirritaður hefur unnið fjölda verkefna með greininni, stjórnsýslunni og einstökum fyrirtækjum á síðustu árum og áratugum. Nú er komið að þeim tímapunkti að mér hugnast það ekki lengur vegna alvarlegar spillinar innan greinarinnar og stjórnsýslunnar. Markvist hefur verið farin sú leið að skala niður fiskeldistengd verkefni og í þessu tilvik sendur formlega tölvupóstur vegna þeirra verkefna sem eftir standa um að þeim ljúki á næsta ári. Það eru að sjálfsögðu flestir einstaklingar og fyrirtæki innan greinarinnar sem vinna heiðalega og faglega og ber að taka það fram. Vandamálið er að leiðandi aðilar í greininni eru ólígarkar og hafa fyrst og fremst verið að vinna málin sér og sínum til mikils fjárhagslegs ávinnings, oft sem fulltrúar greinarinnar, eins og undirritaður hefur komið inn á í sínum fjölmörgu greinum. **Í þessu umhverfi ætla ég ekki að starfa.** Undirritaður mun klára sína rannsókn á spillingu við undirbúning og gerð laga um fiskeldi eins og gert var grein fyrir í pósti í síðustu viku og birta ítarlega greinagerð á næsta ári.

Um fjöllum um mín mál á ráðstefnunni

Undirritaður mætir ekki á ráðstefnuna í ár eða framvegis. Fulltrúi Sjávarútvegsþjónustunnar sem er einn af eigendum Strandbúnaðar mætir þó á aðalfund félagsins 29. október. Vanda þarf til verka ef umfjöllun á minni gagnrýni um spillingu eða viðskilnað við Strandbúnað kemur til tals á ráðstefnunni. Í því samhengi er mikilvægt að málstofustjórar setji sig aðeins inn í málin til að stuðla að faglegri umfjöllun. Öllum málstofustjórum er hér með bætt inn á stækkandi tölvupóstlista og er þeim einnig bent á fyrri tölvupósta hér að neðan.

Að lokum

Strandbúnaður er líttill hluti af mun stærra máli. Það er miður að Strandbúnaður hefur dregist inn í spillinarmál er tengist undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Framgangan Strandbúnaðar gagnvart undirrituðum flokkast undir þöggun sem er kerfisbundin aðferð til að koma í veg fyrir að fólk tjái skoðanir sínar. Það er athyglisvert að á 21. öld að opinber gagnrýni í eigin nafni á ófagleg vinnubrögð og spillingu sé refsiverð. Undirritaður hefur aldrei notað Strandbúnað til að koma sínum skoðunum á framfæri í gegnum ráðstefnuna og stóð það aldrei til. Það er athyglisvert að fyrrverandi framkvæmdastjóra er ekki einu sinni þakkað fyrir frábært starf í þágu Strandbúnaðar í fjölmörg ár. **Í staðinn er allt gert til að hylma yfir raunverulega ástæðu þess að hann þurfti að víkja – og það er athyglisvert að mönnum virðist almennt þykja það sjálfsagt.**

Viðauki 10. Aðalfundur Strandbúnaðar og þöggunin¹³⁰

Dags.: 28.10.2021

Fjöldapóstur

Aðalfundur Strandbúnaðar

Formaður Strandbúnaðar svaraði pósti mínum frá 7. október og fyrir það er ég þakklátur. Í pósti formannsins kemur fram:

„Ég staðfesti móttöku þessa erindis frá þér og set það í hendur aðalfundar og fundarstjóra Aðalfundar“.

Hér er um að ræða beiðni mína um að tvö mál verði tekin fyrir undir sérstökum lið eða undir liðnum önnur mál á Aðalfundi Strandbúnaðar sem haldinn verður föstudaginn 29. október, klukkan 15:30. Sjá fylgiskjöl fylgiskjöl 1¹³¹, 2¹³² og 3¹³³. Af hverju gat stjórn Strandbúnaðar ekki tekið ákvörðun um að mín beiðni væri tekin upp á aðalfundi félagsins?

Sú staða gæti því komið upp að aðalfundur tæki þá ákvörðun að hunsu mína beiðni. Ef það verður niðurstaðan, sem sennilega er líklegast, þá er farið fram á að það verði fært til bókar á aðalfundinum. Jafnframt að gerð verði grein fyrir atkvæði einstakra hluthafa Strandbúnaðar. Á fundi með formanninum fyrr á árinu kom fram að sú staða gæti komið upp það fjölgaði í hluthafahópnum og þannig gæti verið erfitt fyrir undirritaðan ná fram sínum málum.

Kynningar Strandbúnaðar

Það verður að gera athugasemdir og leiðréttingar gagnvart því sem hefur komið fram í kynningum formanns Strandbúnaðar:

„Þetta byrjaði miklu smærra en hefur vaxið gríðarlega á skömmum tíma, ekki síst vegna þess að nú eru eldisfyrirtækin að koma inn í þetta“.

Í þessu samhengi ber að nefna að strax á fyrstu ráðstefnunni 2017 komu 260 manns og í framhaldinu hefur ráðstefnan vaxið í takt við aukningu í greininni, á árunum 2017-2019, þrátt fyrir að almennt mættu tiltölulega fáir frá laxeldisfyrirtækjum í meirihluta erlendra eigenda öll árin (fylgiskjal 4).¹³⁴ Í þessu samhengi má benda á að undirritaður byrjaði ekki að skrifa sínar greinar um spillingu eða koma opinberlega með athugasemdir fyrr en að lokinni ráðstefnu Strandbúnaðar árið 2019. Fulltrúar fiskeldisfyrirtækja hafa alltaf verið stór hluti af þátttakendum (fylgiskjal 4) og því óskiljanlegt hvað er átt við með „ekki síst vegna þess að nú eru eldisfyrirtækin að koma inn í þetta“. Ágæt tölfræði hefur verið haldin um þátttakendur á Strandbúnaði eins og fram kemur í fylgiskjali 4.

Hvert er formaðurinn að fara?

Í kynningum formannsins hefði e.t.v. verið heppilegra að hann hafi gert minna af því að auglýsa sína kalkþörungavinnslu sem hefur ekkert með Strandbúnað eða Lagarlíf að gera. Það hefði eflaust verið skynsamara fyrir formanninn að þakka opinberlega fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrir frábært starf í þágu félagsins síðustu ár en að hans frumkvæði væri ráðstefnan ekki til staðar.

E.t.v. mun formaður Strandbúnaðar svara því á aðalfundi félagsins af hverju hann hefur lagt svo mikla áherslu að kynna sína eigin starfsemi og látið það vera að þakka fyrrverandi framkvæmdarstjóra fyrir frábært starf í þágu félagsins.

¹³⁰ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/15.-Tlvupstur-28-oktber-2021.pdf>

¹³¹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-1.-Brf-til-stjrnar-Strandbnaar.pdf>

¹³² <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-2.-Stjrn-Strandbnaar.pdf>

¹³³ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-3.-Kynningarfundir-Mats.pdf>

¹³⁴ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-4.-Fjldi-rstefnugesta-Strandbnai.pdf>

Greinagerð framkvæmdastjórans

Með fundarboði á aðalfundi Strandbúnaðar fylgir með greinagerð núverandi framkvæmdastjóra (fylgiskjal 5¹³⁵). Fram kom að greinagerðin væri á ábyrgð framkvæmdastjórans en ekki stjórnar Strandbúnaðar. Undirritaður er búinn að svar þessu a.m.k. að mestu í fyrri tölvupóstum hér að neðan. Það er hægt að þvæla þetta mál fram og til baka en niðurstaðan er skýr:

- a) Það er verið að verja sjálfstöku: Ólíkarkar þrýstu á að fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar væri bolað frá þar sem hans málflutningur gæti leitt til þess að opinber rannsókn væri gerð á spillingarmálum við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Ólígarnir náðu að sölsa undir sig yfir 100 milljarða króna m.a. með að misnota Landssamband fiskeldisstöðva og eru því miklir hagsmunir undir.
- b) Hylma yfir spillingu: Sú ákvörðun var tekin af Strandbúnaði að styðja við ólígarkana, hylma yfir mína gagnrýni á spillingu, og þannig gerast þátttakandi í þöggun sem er kerfisbundin aðferð til að koma í veg fyrir að fólk tjái skoðanir sínar.
- c) Hvað var sagt?: Núverandi framkvæmdastjóri hringdi í hluthafa þegar unnið var að því að bola undirrituðum frá og undruðust sumir framganga hans. Hvað fór fram í símtölunum verða hluthafar að upplýsa um.
- d) Misnotkun: Núverandi framkvæmdastjóri er tengdur fjölskylduböndum aðila sem er þátttakandi í braskinu og hefur því miður verið að láta misnota sig.
- e) Fjárhagslegur ávinningur fyrir Matís: Þeir fjármunir, þekking, gögn og sjálfböðavinna sem undirritaður lagði í uppbyggingu á Strandbúnaði kemur nú af fullum notum fyrir opinbert hlutafélag til að auka tengsli og samvinnu við laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila, Matís til fjárhagslegs ávinnings.
- f) Gert lítið úr minni vinnu: Það hefur verið reynt að gera lítið úr góðu starfi fyrrverandi framkvæmdastjóra og þess gætt að nefna hann aldrei á nafn í kynningum Strandbúnaðar. Í staðinn hafa verið stundaðar kynningar sem vart geta verið til góðs fyrir fyrrverandi framkvæmdastjóra og í því sambandi má nefna kynningarfund Matís þann 18. maí (fylgiskjal 3).
- g) „Fór bara“: Fyrrverandi framkvæmdastjóri, fór bara, skilaði vel af sér félaginu þar sem hann vildi í raun Strandbúnaði það besta.

Framganga ólígarka

Það er ólíðandi og óþolandi eftir að ólígarkar sem höfðu valsast með stefnumótun stjórnvalda sjálfum sér og sínum til fjárhagslegs ávinnings í framhaldinu noti Strandbúnaðar til að stuðla að því að eðlileg og fagleg gagnrýni í mínu nafni sé þöggud niður. Það er miður hvernig Strandbúnaður hefur látið misnota sig við að þagga niður mína réttmætu gagnrýni á spillingu. Að sjálfsögðu eru margir sem standa að Strandbúnaði fjárhagslega háðir ólígörkunum og mun því ekki styðja undirritaðan þó þeirra hugur standi e.t.v. til þess.

Að lokum

Málið er kominn í þann farveg að Strandbúnaðar er orðinn þátttakandi í þöggun með að reyna að hylma yfir mína gagnrýni á ólígarkarana er varðar spillingu. Því er ekki að leyna að áframhaldandi þöggun af hendi Strandbúnaðar mun bara styrkja mína vegferð gegn spillingu. Ef eitthvað er þá hefur framferði Strandbúnaðar sannfært undirritaðan um að vegferðin í þessu máli sé í réttum farvegi.

¹³⁵ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/12/Greinager-Gunnars-og-fundagerir.pdf>

Strandbúnaðarmálið og þöggunin

Hér er undirritaður að vinna að góðu samfélagsverkefni sem hægt er að vera stoltur af. Vegferð mín gegn spillingu er komin með mjög áhugaverða ferilskrá og það verður spennandi að fylgjast með hvenær málið fer í háþæli og þá umræðu sem þá verður tekin.

Viðauki 11. Strandbúnaðarmálið, þöggun og lög um fiskeldi¹³⁶

Dags.: 02.03.2022

Fjöldapóstur

„Strandbúnaðarmálið“ er áhugavert, fróðlegt og lærdómsríkt er varðar aðferðafræði við þöggun. Það sem hefur einkennt viðbrögð við mína gagnrýni á spillingu við undirbúning og gerð laga um fiskeldi er þöggun. Strax eftir að að undirritaður sendi inn athugasemd við frumvarp um fiskeldi (fylgiskjal 1)¹³⁷ fyrrihluta ársins 2019 hringdi Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður Arnarlax og fulltrúi í starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi, og fór fram að umsögn mín yrði dregin til baka. Fljótlega á eftir fylgdi SMS „*Þetta hefur eftirmála*“. Rafræn bók sem er verið að skrifa um málið hefur því fengið heitið **Lög um fiskeldi - „Þetta hefur eftirmála“**. Áður en lögin um fiskeldi voru samþykkt var farið í manninn en eftir það er beitt aðferðafræðinni þöggun enda ekki góðan málstað að verja.

Fyrst til að upplýsinga

Eins og fram kom í fyrri pósti hér að neðan verða allir „leikendur“ í þessu máli nafngreindir framvegis. Jafnframt að undirritaður er fyrrverandi framkvæmdastjóri Strandbúnaðar og hans fyrirtæki Sjávarútvegsþjónustan er einn af eigendum félagsins. Hafði frumkvæði að stofna Strandbúnaðar, og lagði í verkefnið mikla vinnu og fjármuni. Þakklætið var að fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins var bolað frá og ekki einu sinni þakkað fyrir frábært starf til margra ára. Frá þeim tíma hefur verið gert lítið úr framlagi undirritaðs og reynt að þagga málið niður.

Aðalfundur Strandbúnaðar

Formaður Strandbúnaðar, Halldór Halldórsson, svaraði pósti mínum frá 7. október og þar kemur fram: „*Ég staðfesti móttöku þessa erindis frá þér og set það í hendur aðalfundar og fundarstjóra Aðalfundar*“. Einari Kr. Guðfinnssyni var falið fundarstjórn á aðalfundi Strandbúnaðar. Það kom á óvart að fundarstjórinn virtist ekki kannast við þau gögn sem undirritaður sendi fyrir aðalfundinn (fylgiskjal 2,¹³⁸ 3¹³⁹ og 4¹⁴⁰).

Athugasemdir við aðalfund

Fljótlega eftir aðalfund Strandbúnaðar á síðasta ári var send athugasemd (fylgiskjal 5¹⁴¹ og 6¹⁴²) og m.a. farið fram á að aðalfundargerð væri endurrituð er varðar liðinn önnur mál og tekið tillit til minna athugasemda. Mínar viðbætur eru merktar með rauðu í fylgiskjal 6. Endurbætt fundargerð hefur ekki ennþá borist Sjávarútvegsþjónustunni einum af eigendum Strandbúnaðar.

Fulltrúi ráðuneytis?

Það vakti athygli viðvera Jóns Þrándar Stefánssonar, sérfræðingi í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu á aðalfundi Strandbúnaðar sem var jafnframt sá eini sem var ekki í umboði ákveðins hluthafa. Send var inn fyrirspurn til ráðuneytisins sem var svarað vel og faglega (fylgiskjal 7).¹⁴³ Í þessu sambandi bera að nefna að Jón Þrándur var starfsmaður starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi og hafði sterk tengsli við Kjartan Ólafsson. Einn viðmælandi komst þannig að orði í samtali sínu við Kjartan Ólafsson, „*hvernig þorir þú að koma*

¹³⁶ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/TLvupstur.pdf>

¹³⁷ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/Fylgiskjal-1.-Athugasemdir-vi-fiskeldisfrumvarpi.pdf>

¹³⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/Fylgiskjal-2.-Brf-til-stjornar-Strandbnaar-07.10.2021.pdf>

¹³⁹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/Fylgiskjal-3.-Brf-til-stjorn-Strandbnaar-05.05.2021.pdf>

¹⁴⁰ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/Fylgiskjal-4.-Kynningarfundir-Mats.pdf>

¹⁴¹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/Fylgiskjal-5.-Athugasemdir-vi-aalfund.pdf>

¹⁴² <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/Fylgiskjal-6.-Athugasemdir-vi-fundager-aalfundar.pdf>

¹⁴³ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/03/Fylgiskjal-7.-Kalla-er-eftr-skringum.pdf>

þínum manni svona fyrir inn í ráðuneytinu.“ Kjartan hefur teygt sig langt og tekið mikla áhættu í þeirri vegferð að gerast milljarðamæringur.

Opinber starfsmaður tekur þátt í þöggun

Matís tók yfir verkefnið og Gunnar Þórðarson opinber starfsmaður hjá stofnunni tók að sér framkvæmdastjórn. Í máli Gunnars á kynningarfundum stofnunarinnar á síðasta ári kom m.a. fram að fyrrverandi framkvæmdastjóri þurfti skyndilega að hætta og hann hafi þurft að taka yfir í neyð (fylgiskjal 4). Hefði ekki verið eðlilegra að láta koma fram að fyrrverandi framkvæmdastjóri var að gagnrýna spillingu hjá leiðandi aðilum innan greinarinnar og við það voru ekki allir sáttir. Það er augljóst hvaða hagsmuni Gunnar er að verja og má m.a. í því sambandi nefna að tengdasonurinn, Neil Shiran K. Þórisson, fjárfesti í Arctic Fish fyrir um hálfan milljarð króna. Það er e.t.v. skynsamlegt fyrir forstjóra og stjórn Matís að velja því fyrir sér í hvaða vegferð opinber stofnun er að fara.

Eigendur Strandbúnaðar

Á fundi með formanni Strandbúnaðar, Halldóri Halldórssyni, kom fram að sú staða gæti komið upp það fjölgaði í hluthafahópnum og þannig gæti verið erfitt fyrir undirritaðan ná fram sínum málum. Í framhaldinu bættust við tvö laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila á aðalfundi félagsins, Arnarlax og Laxar fiskeldi, ásamt Íslenska Kalkþörungafélaginu félag formannsins sem reyndar hefur ekkert með lagarlíf (aquaculture) að gera. Fram kom í máli Gunnars Þórðarsonar á aðalfundi Strandbúnaðar að það myndu fleiri bætast við í hluthafahópinn en ekki hefur verið hægt að fá upplýsingar um hvaða félög þetta eru og jafnframt eru engar upplýsingar um eigendur á heimasíðu félagsins.

Samskipti við Strandbúnað

Tölvupóstssamskipti vegna Strandbúnað er hægt að sjá á slóðinni: <https://lagareldi.is/tolvupostar-til-ad-upplysa/>

Hér er fyrst og fremst um að ræða pósta frá árinu 2021 dagsettir 22.04-8.06, 07.10 og 28.10. Það hefur almennt gegnið erfiðlega að fá sanngjörn og heiðarleg viðbrögð frá Strandbúnaði. Samskiptin eru byrjuð að skrifa áhugaverða sögu.

Vinum faglega og heiðarlega

Ágæti lesandi málið hefur snúist um að fámennur hópur nái ofsagróða og þeir sem hafa verið að þvælast fyrir í þeirri vegferð hefur verið ýtt til hliðar. Því miður hefur Strandbúnaður þvælst inn í þessi átök. Mikilvægt er að þau vinnubrögð sem viðhöfð eru á Strandbúnaði sé faglega og heiðarleg og styrktaraðilar leggi sig fram að svo verði. Vegna þessa bætum við inn á tölvupóstlistann styrktaraðilum Strandbúnaðar.

Vinnan núna

Nú er verið að vinna greinagerðina *Arnarlax – Til fjárhagslegs ávinnings* sem stuðst verður við og vitnað til í bókinni *Lög um fiskeldi - „Þetta hefur eftirmála“*. Hér er um að ræða ítarlega greinagerð sem gefur gott yfirlit yfir framvinduna og vinnubrögð hjá Arnarlaxi og tengdum aðilum á síðustu ár. Greinagerðin verður send til ykkar í apríl og fleiri munu síðan fylgja í framhaldinu.